AMTSBÓKASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 20.12.2018

Umsögn um Þingskjal 631 — 443. mál: Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Þann 14. desember 2018 barst Amtsbókasafninu á Akureyri erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem veitt er tækifæri til að gera athugasemdir við ofannefnda tillögu og vil ég þakka það kærlega.

Ég fagna mjög framkominni tillögu og tel hana tímabæra og mikilvæga. Sérstakt fagnaðarefni er sú áhersla á mikilvægi og hlutverk bókasafna í verndun, vexti og viðgangi íslenskrar tungu.

Í 4. og 16. kafla greinargerðar með tillögunni er fjallað um málefni skólabókasafna og almenningsbókasafna og ítrekað hversu miklu hlutverki þau geta gegnt til að ná markmiðum tillögunnar. Einnig er sérstakt fagnaðarefni að sjá áherslu lagða á bókasafnsráð og bókasafnssjóð sem verkfæri til eflingar bókasafna.

Er það von mín að tillagan hljóti breiðan stuðning þingmanna og aðgerðunum sem áætlaðar eru verði hrint í framkvæmd í nánustu framtíð.

Virðingarfyllst
f.h. Amtsbókasafnsins á Akureyri

Hólmkell Hreinsson
amtsbókavörður

AMTSBÓKASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Brekkugata 17 · 600 Akureyri · Ísland · Sími / Tel. +354 460 1250 · Fax +354 460 1251 · bokasafn@akureyri.is · www.amtsbok.is

Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 14.janúar 2018

Nefndasvið Alþingis
Austurvelli
101 Rvk

Efni: Umsögn um Stjórnartillögu til þingsályktunar – 443.mál. Um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Inngangur

Þetta er viðamikil þingsályktun um mikilvægt og brýnt efni, sem er verndun og efling íslenskunnar.

Lítil og viðkvæm menningar- og málsvæði eiga litlar sem varnir gegn ágengni menningarefnis sem flæðir yfir veröldina á áður óþekktum hraða og magni?: Upplýsingar, samskipti og afþreying sem hefur breiða alþjóðlega menningarlega skýrskotun er að móta nýja kynslóð hraðar en okkar fámenna og lágstemmda umhverfi nær að fylgja.

Verðmætin í okkar örtungumáli er gríðarlegt, tungumálið er fyrsta verkfærið sem við listamenn grípum til óháð greinum, að hafa vald á því að skýra og greina dýpt og innihald flókinna hugsana og hugmynda, hvort sem verkefnið er skáldskapur, myndlist eða tónlist, er forsenda skapandi samskipta. Þjóð sem missir tökin á skáldskapnum í tungumáli sínu missir hæfileikann til að þroskast, glatar verkfæri sínu til að eiga skapandi samskipti. Þetta er fyrsta og mikilvægasta hlutverk tungumáls.

Við söknum því þess vegna að í þessari þingsályktun skuli lögð jafnlítil áhersla á hinn skapandi þátt tungumálsins og menningarhlutverk þess og raun ber vitni. Það eru vissulega mörg og mikilvæg verkefni í þessari greinagerð en menningarhlutur þingsályktunarinnar er afar rýr.

Íslenskukennsla

Í kaflanum um íslenskukennslu er ekkert að finna um skapandi kennslu eða listgreinar. Í greinagerðinni stendur *"Gefa skal nemendum ríkuleg tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt og leggja sérstaka áherslu á hugtakaskilning og fagorðaforða á íslensku. Sérstaklega skal leggja áherslu á að nemendur tileinki sér fagorðaforða á íslensku í starfsnámi og háskólanámi og geti tjáð sig um eigin sérsvið á íslensku."* Gott og vel, eflaust er mikilvægt að ná tökum á þessu, en til þess að hver kynslóð eignist einstaklinga sem búa yfir færni í íþróttinni íslensku, þarf meiri áherslu á listkennslu almennt í skólum, sem ýtir undir að börn og ungmenni tileinki sér íslensku frekar sem tjáningartæki – í gegnum kvikmyndagerð, tónlist og textagerð, leiklist, skapandi skrif og auðvitað alla þá hugmyndavinnu sem þessi sköpun krefst og eykur þannig málvitund og frjóa hugsun.

Tónlist og textagerð

Tónlist og textagerð fær ekkert pláss í þessari greinagerð. Sem er sérstakt í ljósi þess að tónlist og textar eru líklega einn mesti áhirfavaldur í menningu ungs fólks. Í textagerð er einkum stólað á heppni, það er enginn stuðningur við hana, ef hún er hipp og kúl þá stundina detta inn góðir textar. Það er einkennilegt? (svo lítið sérstakt) hve skeytingarlaus við erum á þessu sviði, eigandi svona ríka hefð í kvæðagerð. Textagerð er einnig algjörlega útundan í öllum tónlistarstyrkjum, og virðist sem sé litið á hana sem eins konar viðhengi við tónlistina, á borð við hljóðfærakaup. Við þurfum að stofna til verkefna eða setja áherslu á textagerð í dægurmenningu.

Kvikmyndir og sjónvarpsþáttagerð.

Kvikmyndir og leikið sjónvarpsefni er, ásamt tónlistinni, áhrifaríkasti áhrifavaldur í samtímamenningu ungs fólks. Í ályktuninni er eingöngu talað um hlut RÚV sem þátttakenda í framleiðslu á sjónvarpsefni. Því fylgir hins vegar ekkert aukið fjármagn, og því ljóst að aukinn þátt RÚV í framleiðslu sjónvarpsefnis er tekinn af öðru dagskráefni. BÍL hefur tekið undir málflutning fagfélaga í kvikmyndageiranum að stofna ætti sérstakan sjóð til að fjármagna framleiðslu leikins sjónvarpsefnis, óháð því fyrir hvaða sjónvarpsstöð efnið er framleitt. Að draga þetta fjármagn úr annarri starfsemi RÚV kemur sjálfkrafa niður á annarri dagskrárgerð, sem ekki má við meiri niðurskurði, enda löngu komið inn að beini. Til að mynda er starfsemi Útvarpsleikhússins ekki svipur hjá sjón. Útvarpsleikhúsið var í eina tíð hið raunverulega alþýðuleikhús, sem flutti leikið efni vikulega, aðgengilegt öllum landsmönnum. Almennt má verulega bæta í stuðning við kvikmyndagerð svo við eignumst raunverulega framleiðslu á menningarefni sem speglar íslenskan veruleika og fæst við samtímann með sömu vopnum og sú afþreyging sem við keppum við á alþjóðlegum markaði.

Þýðingar á sjónvarps- og kvikmyndaefni fyrir börn er annað sem ekki ekki minnst í ályktuninni. Það þarf að stórefla nýjar þýðingar og auka aðgengi að eldri þýðingum. Það er ólíðandi að börn hafi ekki auðvelt aðgengi að vönduðum þýðingum og talsetningum sem þegar þegar hafa verið gerðar, t.d. gegnum efnisveitur. Hvolpasveitin og Læmingjarnir eru því miður ekki nægilega öflugir útverðir íslenskrar tungu til framtíðar.

Bókaútgáfa og skáldskapur

Bókafrumvarpið sem BÍL hefur fjallað um er í sjálfu sér fagnaðarefni. En það eru nokkur atriði sem standa út af í framkvæmd til eflingar bókmenntum og skáldskap. Að sjálfsögðu er þar fyrst að telja afkomu listamanna almennt og starflaunasjóðina, sem eru mjög aðþrengdir og BÍL þreytist ekki á að nefna. En nokkrum atriðum má kippa í liðinn nú þegar með litlum tilkostnaði. Þar má til dæmis nefna rafbókavæðingu bókasafna og aðgengi almennings að bókmenntum gegn hóflegu gjaldi. Þetta myndi væntanlega gagnast best þeim hópi sem þessi umræða beinist að og er helsti notandi rafrænna samskipta og afþreygingar. Aftur er tilefni til að nefna skáldskap og skapandi nálgun á íslensku í skólakerfinu.

Fyrst bókasöfnin ber á góma, má enn og aftur leggja til að leggja af þá misnotkun og í raun broti á höfundarétti gagnvart höfundum kvikmynda og sjónvarpsefnis, en á bókasöfnum landsins er kvikmyndaefni lánað eða leigt út án þess að höfundarnir njóti réttmætra greiðslna, á borð við bókahöfunda. Benda má á að á öllum hinum Norðurlöndunum gilda sömu reglur um útlán á kvikmyndaefni og bókum og kvikmyndahöfundum eru því tryggðar sanngjarnar greiðslur fyrir afnot á verkum þeirra. Það er alvarlegt mál að hið opinbera skuli samþykkja og í raun standa fyrir broti á höfundarétti og mál til komið að lagfæra það.

Lokaorð

Megininntak okkar, eins og sjá má í þessari umsögn, er að við áttum okkur á því að framtíð íslenskunnar felst í því að við umgöngumst hana sem skapandi verkfæri og líf hennar veltur á því að við höldum áfram að þjálfa ungt fólk í að umgangst málið sem opinn og óendanlegan akur túlkunar og sköpunar, svo við eignumst í hverri kynslóð afbuðrafólk í íþróttinni íslensku.

Vinsemd og virðing

Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags ísl. listamanna

Umsögn Bandalags þýðenda og túlka um þingmál 443

Reykjavík, 13. Janúar, 2019

Eitt af markmiðum þessarar þingsályktunartillögu er að íslensk tunga verði notuð á öllum sviðum samfélagsins. Ef það markmið næst ætti að vera hægt að nota móðurmálið til að fjalla um nánast allt milli himins og jarðar; um sérislensk málefni, viðfangsefni alþjóðlegrar samvinnu, á sérhæfðum vinnustöðum og jafnvel á heimilum við talandi vélar. Nú eru liðin nær 10 ár síðan Alþingi samþykkti málstefnu fyrir íslenska þjóðtungu, þ.e. *Íslenska til alls,* og hefur nokkuð miðað í þá átt að festa íslensku í sessi sem mál okkar allra Íslendinga. Líta má á þessa þingsályktunartillögu sem gott og tímabært skref í þá átt.

Þó er ljóst að heldur betur má ef duga skal og einn veigamikill þáttur, sem leggja þarf rækt við, er að efla þýðingastarfsemi í landinu. Þýðingar ná yfir mörg svið eins og vænta má þegar tungumál og notkun þess er annars vegar. Þar má nefna þýðingar bókmennta: barnabóka, unglingabóka, skáldsagna. Ekki er síður mikilvægt að virk starfsemi sé við þýðingar á öðru efni, þ.e. það sem nefnt er **nytjaþýðingar.** Þessar þýðingar ná til nánast alls efnis sem ekki fellur undir bókmenntaþýðingar og má því segja að þær séu hryggjarstykkið í þýðingum til daglegs brúks á öllum mögulegum sviðum. Þetta eru þýðingar á kennsluefni, tæknitextum, handbókum, lögum, fylgiseðlum við lyf, upplýsingatækni, o.s.frv.

Í umræðu um íslenska tungu hefur verið vakin athygli á brýnu atriði sem varðar lífvænleika fámennra tungumála. Þetta er svokallaður **umdæmisvandi**, þ.e.a.s. sú staða þegar tungumál fámennra málsamfélaga standa höllum fæti sökum þess að þar skortir orðaforða til að fjalla um hvaðeina sem vera skal á opinberum vettvangi, í sérhæfðum greinum og í atvinnulífinu í heild. Þetta getur átt við um löggjöf, samfélagsmálum, vísindi og tækni. Ef ekki eru til orð á móðurmálinu sem ná til allra notkunarsviða málsins þá þarf annaðhvort að auðga orðaforða þess, og þá með tökuorðum eða nýyrðum, eða hreinlega að nota annað mál þegar svo ber undir. Þegar svo er komið stendur málið höllum fæti og hugtök og heiti eru ekki lengur fyrir hendi til að tala um viðkomandi hluti eða fyrirbæri.

Ef tungumál fámenns málsamfélags á að halda velli þarf að rækta það. Af þessum sökum er mikilvægi og gildi þýðinga nokkuð augljóst. Vandaðar þýðingar geta stuðlað að þróun ritmálsins.

Ástæða er til að athuga hvort við ættum að fara að dæmi Norðmanna og lýsa íslenskuna örtungu í útrýmingarhættu. Norðmenn eru rúmlega fimm milljónir, á móti okkar 355 þúsundum. Viljum við hvetja yfirvöld til þess að kanna hvað aðrar þjóðir hafa gert, hvort og þá hverju það hefur skilað og móta í ljósi þess stefnu sem hentar aðstæðum hérlendis.

Túlkun

Ýmislegt ber að athuga varðandi túlkun af og á íslensku. Hér eru tiltekin nokkur brýn atriði sem varða dómtúlkun, samfélagstúlkun og ráðstefnutúlkun.

Dómtúlkun: Brýnt er að taka með snerpu á nokkrum atriðum varðandi dómtúlkun. Eitt mikilvægt atriði af mörgum varðandi túlkun af og á íslensku er að kippa því í lag að enginn vinnandi vegur er að fá löggildingu sem dómtúlkur. Rétt og brýnt væri að setja þetta atriði inn í aðgerðaáætlunina. Þetta er spurning um vilja ráðamanna í kerfinu. Ráðstefnutúlkar með MA-nám eru við útskrift búnir að fara gegnum bæði nám og próf og ættu að vera hæfir til að öðlast réttindi án þess að þurfa fyrst að fara gegnum meira nám og þrjú próf í viðbót með tilheyrandi kostnaði. Sem stendur er þess krafist að viðkomandi taki próf í skjalaþýðingum í báðar áttir og dómtúlkun í a.m.k. aðra áttina. Þessi lausn gefur þó bara dómtúlka úr fimm tungumálum, en það hefur ekki einn löggiltur túlkur bæst við í áratug eða svo. Skortur er á túlkum af öllum algengustu tungumálum og lausnir vantar einnig fyrir önnur sjaldgæfari tungumál. Kvartað hefur verið undan því að prófunarferlið sé ósanngjarnt og að klíka starfandi túlka hindri nýja túlka í að fá réttindi. Einnig er núverandi fyrirkomulag byggt á gamalli hugsun. Vitað er að aðrir færniþættir ráða því hvort einstaklingur hafi hæfni í túlkun milli tungumála eða hvort viðkomandi sé fær í skriflegum skjalaþýðingum í báðar áttir af og á móðurmálið. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessa. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að ekki er sanngjarnt að ætlast til þess að túlkur standist skriflegt próf í skjalaþýðingum úr móðurmáli sínu yfir á íslensku – það er nærri ókleift fjall og einnig að góður túlkur getur verið les- eða skrifblindur og kemst þ.a.l. ekki í gegnum skjalaþýðingarpróf.

Samfélagstúlkun: Samfélagstúlkar af/á íslensku eru allir sjálfmenntaðir og þ.a.l. er engin leið að gera kröfur um neitt, hvorki gæði né mannsæmandi laun. Eins og stendur er engin regluleg menntun, ekkert túlkaregistur og engin formleg leið að sýna fram á hæfni/skort á hæfni túlks áður en viðkomandi er sendur til að túlka ristilskoðun hjá lækni eða eitthvað þaðan af alvarlegra. Erlendis hafa komið upp alvarleg mál, þar sem túlkun var ábótavant og misskilningur eða vanhæfni leiddi til dauða. Þeir sem ekki eru færir um að tjá sig á íslensku í öllum aðstæðum þurfa túlkun, en það styður ekki aðlögun þeirra að fá lélega og óreynda túlka.

Fagleg ráðstefnutúlkun: Við Íslendingar eigum að vera stolt af tungumáli okkar. Stjórnmálamenn og opinberir embættismenn ættu þar að ganga fremstir í flokki og taka með sér fagmenntaða ráðstefnutúlka þegar þeir fara á fundi og ráðstefnur í erlendu samstarfi. Þannig vinnst margt:

- útlendingar sjá að við eigum okkar eigið tungumál og að við berum virðingu fyrir því
- það er hægt að velja hæfustu embættismennina til þessara starfa, í staðinn fyrir að sætta sig við að senda aðeins þá sem eru bestir í ensku/dönsku
- íslenskir stjórnmálamenn og embættismenn sem eru mjög góðir á sínu sviði án þess að vera miklir málamenn lenda ekki í því að þurfa að taka þá áhættu að vera álitnir einfaldir og annars flokks þátttakendur í erlendu samstarfi. Það er af því þeir tala hiklaust á eigin máli, í stað þess að gefa afslátt á því sem þeir hafa til málanna að leggja ef þeir geta ekki talað ensku/dönsku eins og hún sé móðurmál þeirra.

Af þessum ástæðum þarf einnig að tryggja áframhaldandi kennslu á meistarastigi í ráðstefnutúlkun, en hún hefur legið niðri frá árinu 2015.

Þýðingar

Ísland er lítið málsamfélag, þar af leiðir að þýðingar fara fram á nánast öllum sviðum samfélagsins eins og fram kemur að ofan. Þarna má nefna skjátextaþýðingar, lagaþýðingar, tæknilegar þýðingar (handbækur, bæklingar, leiðbeiningar), þýðingar á kennslu- og fræðsluefni, og svo má lengi telja. Eigi tungumálið að lifa af við nútímaaðstæður þarf að efla þýðingar á slíku efni, sem og bókmenntum.

Nú er ljóst að talsvert stór hluti ungmenna les mest af skjá, m.a. í formi tölvuleikja, þar sem þeim fylgir oft spennandi söguþráður og töluverður texti. Efla þarf hvers kyns þýðingar á upplýsingatækni- og tölvuefni og hér þarf að vanda til verka. Leggja ber sérstaka áherslu að vandað sé til þýðinga á öllu barnaefni, hvort sem um er að ræða bókmenntir eða sjónvarpsefni (þar með talið efni á Netflix og Youtube), alveg niður í þann aldurshóp sem telst vera á máltökuskeiði. Síðan þyrfti að vekja athygli á því, þannig að þeir foreldrar sem vilja velja að hafa efni á íslensku fyrir börnum sínum séu meðvitaðir um að þeir hafa þann valkost.

Sem dæmi um þýðingastarf sem er til þess fallið að efla íslenskt mál má nefna starfsemi Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins sem annast þýðingu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) og reglugerða, tilskipana, ákvarðana og tilmæla sem falla undir hann. Í textum, sem þar eru þýddir, koma fyrir alþjóðleg sérfræðihugtök sem þurfa að eiga sér beinar samsvaranir á íslensku. Jafnframt er leitast við að hafa íslenska textann á eins eðlilegu, íslensku máli og hægt er.

Mikilvægt er að tryggja rithöfundum, þýðendum og túlkum lagalegan höfundarrétt á og réttmætar tekjur af hugverkum sínum, hvort sem þau eru prentuð á pappír, gefin út rafrænt (þ.m.t. streymi) eða sem hljóð- eða myndverk. Sjá t.d. CEATL Guidelines for fair translation contracts: https://www.ceatl.eu/translators-rights/guidelines-for-fair-translation-contracts?fbclid=IwAR1N17gQKl9-pSJCxTp4M3bOEh2WVHh1EBIo4liVqk9nrZy3KCpC7rxVPiY. Enn fremur þarf viðstöðulaust að hlúa þannig að starfsumhverfi þeirra að þeir bestu endist í faginu og geti hrifið almenning með sér í krafti íslenskunnar. Sé það ekki gert munu þessi fög einkennast af hraðri starfsmannaveltu og meðalmennsku – sem er því miður núverandi staða innan nytjaþýðinga. Sú staða tengist aftur á móti stöðu íslenskukennslu í grunnskólum með beinum hætti, þar sem æ fleiri byrja í faginu án fullnægjandi þekkingar á setningafræði og málfræði.

Íslenskukennsla

Kennaranám hefur verið lengt í fimm ár, en hvernig stendur þá á því að þeir kennarar sem útskrifast eru ekki sleipari í íslensku en þeir eru, margir hverjir? Börn sem eru fædd í kringum 2000 kunna t.d. ekki að nota viðtengingarhátt, svo heitið gæti. Hvað er verið að kenna á þessum fimm árum, þegar útskrifaðir kennarar og skólastjórnendur senda frá sér texta sem eru morandi í stafsetningar- og málvillum? Þó kennarar hafi ekki íslenskukennslu sem kjörsvið eru þeir engu að síður mjög mikilvægar málfyrirmyndir og því er afar brýnt að börn fái góða undirstöðu í móðurmálinu.

Eiríkur Rögnvaldsson hefur lengi talað fyrir því að fyrirkomulagi á samræmdum prófum verði breytt frá því að reyna að bregða fæti fyrir máltilfinningu nemenda, í ???

Birna Arnbjörnsdóttir prófessor við Háskóla Íslands hefur meðal annars bent á mikilvægi þess að auka íslenskukennslu í grunnskólum til að leggja grunninn að síðara tungumálanámi, þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að erfitt sé að læra önnur tungumál sé málkunnátta í eigin móðurmáli ófullnægjandi. Sjá hér: http://www.arnastofnun.is/solofile/1011087; þó hér sé fjallað um menntun tvítyngdra barna á þetta ekki síður við um innfædd börn (sem eru sum hver komin langt á veg með að verða tvítyngd sökum skorts á þýddu barna- og unglingaefni). Lengi býr að fyrstu gerð; til þess þurfum við að setja meira fé í íslenskukennslu kennaranema.

Lestur

Undanfarin ár hefur oftsinnis verið staðið fyrir glæsilegu og geysilega vinsælu lestrarátaki fyrir börn, án þess að opinberar undirtektir fylgi, hvað þá að ýtt sé undir útgáfu á efni fyrir unga lesendur. Koma þýðingar þar sterkt inn; vel þekkt eru dæmi um bókaþríleiki þar sem síðasta bókin er ekki þýdd og gefin út á íslensku af því að fyrri bækurnar hafa ekki selst nógu vel. Þannig svíkja gróðasjónarmið útgefenda ungmenni um síðustu bókina og þau leita yfir í ensku til að komast að því hvernig sagan endar. Þetta er aðeins lítið dæmi um þá lítilsvirðingu sem ungum lesendum er sýnd. Lestrarátak er gagnslaust þegar eftirfylgnin er engin. Hvetja þarf bókaútgefendur til að sinna þessum lestrarhóp betur og hugsanlega styðja við útgáfu bókaflokka með einhverjum hætti, seljist fyrri bækur ekki nógu vel. Hér væri t.d. hægt að miða við fjölda seldra eintaka af fyrri bókum. Einnig að gefa minni bókaflokka út í heild sinni, líkt og gert er víða erlendis.

Virðingarfyllst,

f.h. Bandalags þýðenda og túlka,

Kristín Vilhjálmsdóttir

Reykjavík, 18. janúar 2019

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni: Umsögn um 443. mál, tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Við undirrituð teljum þessa tillögu tímabæra og fögnum henni mjög. Í viðamikilli rannsókn sem við stöndum nú fyrir á stöðu íslenskunnar, m.a. gagnvart enskum áhrifum, kemur glöggt í ljós að tungan verður nú fyrir miklum þrýstingi úr ýmsum áttum. Íslenskan stendur á margan hátt vel en undirstaðan er viðkvæm og mikilvægt að styrkja hana til að tryggja að hún verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum þjóðlífsins. Sérstaklega er brýnt að styrkja íslenskt málumhverfi barna á máltökuskeiði og unglinga.

Hér fara á eftir athugasemdir okkar við nokkra liði tillögunnar auk tillagna að fáeinum nýjum liðum.

Vitundarvakning um íslenska tungu

Sú vitundarvakning sem hér er lögð til er mjög mikilvæg og við erum sérstaklega ánægð með áherslu á að íslenska sé „lifandi tungumál í stöðugri þróun“. Hins vegar þarf að gæta þess vel að áhersla á sérstöðu íslenskunnar leiði ekki til þjóðernishroka eða þjóðrembings. Íslenska er óendanlega mikilvæg fyrir okkur sem eigum hana að móðurmáli og sérstaða hennar liggur í því – ekki í því að hún sé á einhvern hátt merkilegri en önnur tungumál.

Menntun og skólastarf

Íslenska sem annað mál

Það er eitt brýnasta verkefni samfélagsins að sjá til þess að fólk sem hingað kemur og hér vill búa eigi þess kost að læra íslensku. Það er mikilvægt fyrir fólkið sjálft, til að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, eigi kost á menntun o.s.frv.; það er mikilvægt fyrir lýðræðið í landinu, til að fólkið geti tekið þátt í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku; og það er mikilvægt fyrir íslenskuna, til að hún haldi stöðu sinni sem þjóðtunga sem er notuð á öllum sviðum.

Skólabókasöfn

Við styðjum þennan lið eindregið en teljum mikilvægt að hann verði víkkaður út. Bókasöfn hafa á undanförnum árum verið að breytast í þekkingarmiðstöðvar þar sem aðgangur er veittur að margs konar fræðsluefni. Við leggjum til því að aukið verði við liðinn:

- Starfsemi skólabókasafna verði efld og þjónusta við nemendur bætt. Áhersla verði lögð á að gera söfnin að alhliða þekkingar- og fræðslumiðstöðvum þar sem nemendur hafi aðgang að nýju og fjölbreyttu efni á íslensku – lesefni, hljóðefni, myndefni og hvers kyns margmiðlunarefni.

Kennaramenntun

Það er ekki alveg ljóst hvað átt er við með „almennu kennaranámi“ hér – er það grunnskólakennaranám? Við teljum mikilvægt að auka vægi íslensku í námi bæði leik- og grunnskólakennara – nám framhaldsskólakennara er greinabundið og því annars eðlis. Við leggjum til að orðalagi þessa liðar verði breytt dálítið:

- Vægi íslensku í námi leik- og grunnskólakennara verði aukið og áhersla lögð á að örva áhuga kennaraefna á tungumálinu og þjálfa þau í að nýta mál nemenda, málkunnáttu og sköpunargleði til að byggja upp jákvætt viðhorf þeirra til íslensku.

Háskólakennsla og rannsóknir

Föstum kennurum í íslensku við Háskóla Íslands, bæði á Hugvísindasviði og Menntavísindasviði, hefur farið fækkandi á undanförnum árum og jafnframt hefur stúdentum sem leggja stund á háskólanám í íslensku fækkað verulega. Þetta bitnar á brýnum rannsóknum á íslenskunni og stöðu hennar og stefnir nýliðun í hópi íslenskukennara á öllum skólastigum í voða. Nauðsynlegt er að leita leiða til að snúa þessari þróun við.

Fræðsla um máltöku (nýr liður)

Grunnur að framtíð tungumálsins er lagður á máltökuskeiði og því er mjög mikilvægt að fræða kennara og foreldra um eðli og mikilvægi máltökunnar. Á þetta er vissulega minnst í greinargerð en við teljum það svo mikilvægt að það verði að vera í tillögunni sjálfri. Við leggjum því til að eftirfarandi lið verði bætt við undir **Menntun og skólastarf**:

- Fræðsla um máltöku barna og mikilvægi íslensks máláreitis og samtals við börn á máltökuskeiði verði stóraukin í námi leik- og grunnskólakennara, sem og í fræðslu- og kynningarefni fyrir verðandi og nýbakaða foreldra og víðar.

Endurskoðun námsefnis og kennslu (nýr liður)

Margt bendir til þess að námsefni og kennsluaðferðir í íslensku höfði ekki nægilega mikið til nemenda. Við teljum að mikla áherslu verði að leggja á að skapa jákvætt viðhorf til íslensku meðal barna og unglinga og í því skyni þarf að huga að nýrri nálgun í kennslu og námsefni, m.a. í anda þeirra hugmynda sem settar eru fram í nýlegri doktorsritgerð Hönnu Óladóttur, aðjunkts við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Við leggjum því til að eftirfarandi lið verði bætt við undir **Menntun og skólastarf**:

- Námsefni, kennsla og námsmat í íslensku í grunn- og framhaldsskólum verði tekið til rækilegrar endurskoðunar með það í huga að höfða til áhugasviðs nemenda og byggja á málkunnáttu þeirra og sköpunargáfu.

Menning

Innlend dagskrárgerð

Við tökum undir þennan lið en leggjum til að bætt verði við áherslu á barna- og unglingaefni:

- Innlend dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla verði efld og aðgengi tryggt að fjölbreyttu efni á íslensku. Sérstök áhersla verði lögð á efni fyrir börn og unglinga, bæði frumsamið og í vönduðum þýðingum með talsetningu.

Bókaútgáfa

Við tökum undir þennan lið en leggjum til að orðalagi hans verði breytt þannig að margvíslegt hlutverk bókaútgáfu í eflingu íslenskunnar komi betur fram:

- Stutt verði við útgáfu bóka á íslensku vegna mikilvægis lestrar og læsis til að byggja upp sterka málkennd og auðugan orðaforða, svo og vegna mikilvægis bæði fagurbókmennta og fræðslurita í viðhaldi, auðgun og endurnýjun málsins. Sérstök áhersla verði lögð á eflingu útgáfu bóka fyrir börn og unglinga, bæði frumsaminna og í vönduðum þýðingum.

Barna- og ungmennabókmenntasjóður

Við tökum undir þennan lið en teljum æskilegt að skilgreina nánar við hvað er átt. Mikilvægt er að sjóðurinn taki til bæði frumsaminna og þýddra bóka, enda styrkja vel þýddar bækur íslenskuna ekki síður en frumsamdar. Við leggjum því til að orðalagi verði breytt lítillega:

- Sérstakur sjóður verði settur á laggirnar til að styrkja samningu, þýðingar og útgáfu barna- og ungmennabóka.

Almenningsbókasöfn

Við styðjum þennan lið eindregið en teljum mikilvægt að hann verði víkkaður út. Bókasöfn hafa á undanförnum árum verið að breytast í þekkingarmiðstöðvar þar sem fólk kemur saman til ýmissar menningarstarfsemi og aðgangur er veittur að margs konar fræðslu- og afþreyingarefni. Við leggjum til því að aukið verði við liðinn:

- Starfsemi almenningsbókasafna verði efld og þjónusta við notendur bætt. Áhersla verði lögð á að gera söfnin að alhliða þekkingar- og afþreyingarmiðstöðvum þar sem notendur hafi aðgang að nýju og fjölbreyttu efni á íslensku – lesefni, hljóðefni, myndefni og hvers kyns margmiðlunarefni.

Þýðingar (nýr liður)

Framboð á og aðgengi að hvers kyns erlendu fræðslu- og afþreyingarefni hefur aukist gífurlega á undanförnum árum. Mikilvægt er að Íslendingar eigi kost á því að nýta sér sem mest af slíku efni á íslensku og tryggja þarf að heilu sviðin verði ekki útundan þannig að efni á þeim sé eingöngu í boði á erlendum málum. Við leggjum til að eftirfarandi lið verði bætt við:

- Styrkir til þýðinga á bókmenntum og fræðsluritum verði auknir og jafnframt stuðlað að þýðingum á margs kyns afþreyingar- og fræðsluefni (textum og sjónvarpsefni), hugbúnaði, tölvuleikjum o.s.frv.

Við vonumst til þess að tillit verði tekið til þessara athugasemda og hvetjum eindregið til þess að tillagan verði samþykkt. Við bendum þó á að slík samþykkt hefur eingöngu táknrænt gildi nema henni verði fylgt eftir með verulegum fjárveitingum og treystum því að Alþingi láti ekki sitja við orðin tóm.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Rögnvaldsson
prófessor emeritus í íslenskri málfræði
Háskóla Íslands

Sigríður Sigurjónsdóttir
prófessor í íslenskri málfræði
Háskóla Íslands

Reykjavík 14. janúar 2019

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn frá Félagi íslenskra bókaútgefenda:
Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Félag íslenskra bókaútgefenda gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið.

Námsefni
Í tillögunni er talað sérstaklega um stafrænt námsefni á bls. 2 og 7. Vissulega má auka úrval stafræns námsefnis, bæði hljóð- og rafbóka. Uppsafnaður skortur á námsefni fyrir framhaldsskóla er hins vegar orðinn svo mikill og víðtækur að form útgáfunnar getur vart talist forgangsmál. Það er aðkallandi verkefni að auka framleiðslu á nýju framhaldsskólaefni fyrir námsgreinar af öllum stærðum og gerðum á því formi sem best telst þjóna bæði nemendum og námsefni. Þar sé litið jafnt til óska nemenda og alþjóðlegra rannsókna á námsefni.

Við teljum þingsályktunina stórt og mikilvægt skref fyrir eflingu íslenskrar tungu.

Fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda
Heiðar Ingi Svansson
Formaður stjórnar

Undirrituð styður heils hugar þá tillögu sem hér er fram borin.

Brýnt er að vinna af krafti að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu og hlúa að íslenskunni í gegnum lifandi málnotkun á öllum sviðum. Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu tungunnar, allir kennarar í hinu almenna skólakerfi eru jafnframt íslenskukennarar. Einnig þarf að hamra á því að allir fullorðnir íslenskir málnotendur eru miðlarar þess einstaka fjöreggs sem íslensk tunga er. Við þurfum að hvetja hvert annað til dáða í að nota ávallt íslensku í leik og starfi.

Gott er að sjá að til stendur að marka heildarstefnu um kennslu íslensku sem annars tungumáls, bæði í skólum og fullorðinsfræðslu. Brýn þörf er á að taka af fagmennsku á því stóra viðfangsefni.

Virðingarfyllst,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5
111 Reykjavík
Símar: 570 5611 og 899 2123
www.fb.is

FJÖLMENNINGARSETUR

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8 – 10

101 Reykjavík

Umsögn Fjölmenningarseturs um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Þingskjal 631- mál 443.

Ísafirði 8.1.2019.

Almennt um málið

Fjölmenningarsetur telur að almennt séð sé þingsályktunartillaga um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi framfaraskref í málefnum innflytjenda. Í tillögunni er fjallað um ýmis atriði sem mikilvægt er að taka á með myndarlegum hætti og því brýnt að nægir fjármunir fylgi með verkefnunum.

Varðandi einstaka liði tillögunnar vill Fjölmenningarsetur veita umsögn um þá sem snerta innflytjendur beint eða óbeint.

Íslenska sem annað mál

Fyrst ber að nefna íslensku sem annað mál. Tvítyngdum börnum hefur fjölgað mikið undanfarin ár eins farið er yfir í greinargerð þingsályktunartillögunnar en ýmsar vísbendingar benda til að staða barna af erlendum uppruna sé lakari en íslenskra.

Nokkuð hefur borið á því að kennarar og aðrir viti ekki hvert ber að leita varðandi leiðbeiningar og fræðilegt efni varðandi málefni þeirra. Að mati Fjölmenningarseturs þarf því að efla rannsóknir á stöðu tvítyngdra barna bæði námslega og félagslega, auka stuðning við kennara og skólastjórnendur (til dæmis á vegum Menntamálastofnunar) og hafa efni og fróðleik aðgengilegt á einum stað. Þörf er á því að skoða sérstaklega hvaða áhrif hópamyndun og hugsanleg félagsleg einangrun erlendra nemanda hefur á námslega stöðu þeirra.

Vísbendingar eru um að sterk staða í móðurmáli erlendra nemenda efli nemendur í íslenskunámi sínu og geri nemendur betri í því að virkja og nýta sér ný hugtök. Gera þarf stórátak í námsefnisgerð fyrir erlenda nemendur, bæði í íslensku og á algengustu móðurmálum. Gera þarf ráðstafanir til þess að gera námsefni í einstökum námsgreinum aðgengilegt á algengustu móðurmálum, enda lenda nemendur af erlendu bergi brotnir oft í því að dragast aftur úr samlöndum sínum meðan þeir eru að byggja upp færni í íslensku. Huga þarf sérstaklega að móðurmálskennslu erlendra nemenda í aðalnámskrá grunnskólastigsins.

Stuðningur við skólasamfélagið

Styrkja þarf íslenskt skólasamfélag fjárhagslega til þess að það sé betur í stakk búið til þess að takast á við þær áskoranir sem felast í móttöku mikils fjölda erlendra nemenda. Þetta á við um þætti eins og námskeið fyrir starfandi kennara, stuðning við einstaka nemendur inni í bekkjum (sérkennslukvóti), námsráðgjöf og almennt stuðningset í bæði framhalds og grunnskólum. Huga þarf sérstaklega að minni skólum úti á landsbyggðinni þar sem bjargir eru minni og fjárhagslegur sveigjanleiki til að bregðast við þróun í nemendahópum er ekki eins mikill.

Foreldrasamstarf

Efla þarf stuðning við erlenda foreldra, til þess að þeir kynnist íslensku skólaumhverfi og taki þátt í foreldrasamstarfi en slíkt getur einnig orðið fólki hvatning til þess að láta meira til sín taka í samfélaginu.

Kennaramenntun

Eins og áður hefur verið minnst á þarf að mati Fjölmenningarseturs að auka framboð á námskeiðum fyrir starfandi kennara sem vilja dýpka þekkingu sína á kennsluaðferðum sem henta fyrir fjölmenningarlega hópa. Til lengri tíma litið þarf að grípa til róttækari aðgerða varðandi menntun kennaranema og bjóða upp á námskeið eða jafnvel námsleið við Menntavísindasvið í kennslu nemenda með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn.

Fullorðinsfræðsla

Huga þarf sérstaklega vel að íslenskunámi fullorðinna innflytjenda, þar sem vald á íslensku opnar fólki dyr og er jafnvel forsenda þess að viðkomandi geti nýtt sér þá þekkingu sem hann eða hún kemur með sér til landsins.
Fjölmenningarsetur leggur því til að hugað verði sérstaklega að gera starfrænt námsefni í íslensku fyrir fullorðna vel úr garði, að innflytjendum verði í sem flestum tilfellum gert kleift að sækja íslenskunámskeið á daginn, að þess sé gætt að kostnaður við slík námskeið sé ekki óviðráðanlegur og að hugað sé að

barnagæslu þegar ekki er hægt að koma því við að fólk geti sótt námskeið yfir daginn.

Bókasöfn

Huga þarf vel að hlutverki bókasafna varðandi stuðning við innflytjendur og íslenskunám þeirra, bóksöfn geta verið staður sem laðar fólk til sín til þátttöku í hópastarfi innflytjenda (eins og Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur gert með góðum árangri), þar er hægt að vera með upplýsingar varðandi þjónustu viðkomandi sveitarfélags og stofnanna ríkisins, þar er hægt að byggja upp bókakost á lykiltungumálum til að styðja við móðurmálsnám og læsi barna með innflytjendabakgrunn og síðast en ekki síst eru bókasöfn almenningsrými þar sem fólk getur hist og ýmist æft sig í að tala íslensku eða sinnt öðrum þörfum.

Virðingarfyllst,

f.h. Fjölmenningarseturs

FJÖLMENNINGARSETUR
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

Rúnar H. Haraldsson

Forstöðumaður

FJÖLMIÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2018
Mál. 2018-1851

Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, frá 13. desember 2018, þar sem óskað var umsagnar fjölmiðlanefndar vegna tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (þingskjal nr. 631) Var þess óskað að umsögn bærist eigi síðar en 14. janúar 2019.

Í tillögunni er lagt til að stuðlað verði að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu, gildi hennar og sérstöðu. Vitundarvakning þessi undir yfirskriftinni „Áfram íslenska" speglist í þeim aðgerðum sem fjallað er um í tillögunni. Helstu markmið tillögunnar eru að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins, íslenskukennsla verði efld á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara og að framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð.

Fjölmiðlanefnd fagnar þingsályktunartillögunni og sérstaklega því markmiði hennar að tryggja framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Á tímum mikilla tækniframfara og greiðs aðgangs að erlendu efni á netinu er mikilvægt að standa vörð um íslenska tungu. Stór hluti Íslendinga ver dágóðum tíma á síðum samfélagsmiðla og vefmiðla á degi hverjum. Á sama tíma fækkar útgefnum prentmiðlum á Íslandi og lestur fjölmiðla fer að stórum hluta fram í gegnum netið. Íslenskir fjölmiðlar spila stórt hlutverk í að viðhalda og efla íslenska tungu eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Að mati fjölmiðlanefndar er því afar mikilvægt að standa vörð um og efla íslenskan fjölmiðlamarkað og fagnar nefndin því að til standi að endurgreiða kostnað einkarekinna rit- og ljósvakamiðla að hluta. Þetta er í samræmi við tillögu[1] nefndar skipaðrar af

[1] Rekstrarumhverfi fjölmiðla, tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, 2018. http://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2018/01/Rekstrarumhverfi-fjo%CC%88lmi%C3%B0la_25.-janu%CC%81ar-2018.pdf

mennta- og menningarmálaráðherra þann 30. desember 2016, til að fjalla um tillögur um breytingar á lögum og/eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla hér á landi. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra þann 25. janúar 2018. Tillaga nefndarinnar var m.a. endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna framleiðslu á fréttum og fréttatengdu efni til að koma til móts við þau mikilvægu sjónarmið að bæta þurfi rekstrargrundvöll einkarekinna fjölmiðla sem sinna lýðræðis- og menningarlegu hlutverki í íslensku samfélagi. Einnig kemur fram í skýrslunni að Norðurlöndin hafi öll veitt ríkisstyrki til fjölmiðla sem hluta af heildarstefnumótun sinni þar sem stjórnvöld telji það skyldu sína á grundvelli tjáningarfrelsis, sem kveðið sé á um í stjórnarskrám, að stuðla að tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsingar.[2] Þá er fjárhagsstuðningur við einkarekna fjölmiðla mikilvægur til að einkareknir ljósvakamiðlar geti eflt enn frekar innlenda dagskrárgerð og aðgengi að henni, enda er íslenskt efni dýrt í framleiðslu og kostar hlutfallslega það sama á litlum markaði og á milljónamörkuðum.

Eitt af lögbundnum hlutverkum fjölmiðlanefndar er að efla miðlalæsi. Í tillögunni er fjallað um mikilvægi læsis og að tryggja þurfi virka aðkomu, m.a. fjölmiðla, því til eflingar. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar, þ.e. færni fólks í því að nota mörg táknkerfi og miðla til að skapa merkingu og koma henni á framfæri (Stefán Jökulsson 2012, bls. 21). Miðlalæsi er ekki skilgreint í lögum um fjölmiðla en fjallað er um hugtakið í Ritröð um grunnþætti menntunar – Læsi. Á bls. 50 segir m.a. *„í miðlalæsi (media literacy) felst sú færni og kunnátta sem tengist fjölbreyttri miðlanotkun, annars vegar hæfni til að meta og greina fjölmiðlaefni og ýmiss konar upplýsingar, og hins vegar geta til að búa til og miðla efni með margvíslegum aðferðum, jafnt í formi prentmáls sem annarra tjáningarmiðla. Í fyrstu tengdist miðlalæsi einkum fjölmiðlum, svo sem dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi, en snýst nú einnig um stafræna miðlun þar sem tölvur og net eru í aðalhlutverki.“*

Í ljósi breytts notkunarmynsturs og aðgengis fólks að margskonar miðlunarleiðum, þar sem algrím eru nýtt með það að markmiði að stýra því hvaða fréttir birtast á fréttaveitum samfélagsmiðla og leitarvéla, telur fjölmiðlanefnd afar mikilvægt að miðlalæsi barna og ungmenna sem og fullorðinna verði eflt. Einn liður í því getur verið að kynna ungmenni fyrir ólíkum íslenskum fjölmiðlum og veita þeim greiðan aðgang að vandaðri fjölmiðlaumfjöllun á íslensku. Í tillögunni er jafnframt komið inn á hlutverk skólabókasafna í eflingu íslenskrar tungu. Í því sambandi vill fjölmiðlanefnd benda á að skólabókasöfn og almenningsbókasöfn geta veitt aðgang að fjölmiðlum bæði í prentuðu og stafrænu formi. Þannig getur að mati fjölmiðlanefndar efling íslensku og miðlalæsi haldist í hendur. Á Norðurlöndunum eru skóla- og almenningsbókasöfn mikilvægur vettvangur til að kenna öllum aldurshópum miðlalæsi.

---

[2] Rekstrarumhverfi fjölmiðla, tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, 2018. http://fjolmidlanefnd.is/wp content/uploads/2018/01/Rekstrarumhverfi-fjo%CC%88lmi%C3%B0la 25.-janu%CC%81ar-2018.pdf

Loks vill fjölmiðlanefnd upplýsa að hún er reiðubúin til samstarfs og ráðgjafar um framangreint við hverja þá aðila sem að verkefninu kunna að koma. Loks telur fjölmiðlanefnd nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir nægum fjárveitingum til að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Hulda Árnadóttir

Elfa Ýr Gylfadóttir

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.
149. löggjþ. Þingskjal 631, 443 mál.

Undirritaður, skólameistari Flensborgarskólans, fagnar þessari framkomnu tillögu. Það er ratljóst að ef íslenskan á ekki að deyja út sem tungumál þá veitir ekki af átaki sem þessu, átaki sem verður hluti af veruleika okkar en lýkur ekki eftir einhverja mánuði.
Hvað framhaldskólann varðar þá skiptir t.d. máli að styðja unga tónlistarmenn á þessu sviði, efla og hvetja kennara, en ekki síður fræðimenn á háskólastigi til að vanda mál sitt. Þá má gera mun betur í fjölmiðlum en gert er.
Engu að síður ber að minnast þess að tungan okkar tekur breytingum og hefur gert það í aldanna rás. Fjölmörg gullyrði s.s. altan (svalir) eða fortóv (gangstétt) hafa horfið og ný komið í staðinn. Nýyrði tölvunnar s.s. að vista, að hlaða niður og að streyma hafa fallið vel að málinu og mörg hugtök hafa breytt um merkingu sbr. notkun orðsins kulnun.
Við verðum að rækta hugsun okkar á íslensku og tjáningu okkar líka. Við verðum einnig að muna það að tungan er lifandi og síbreytileg. Hún er ekki safngripur sem ekki má breyta. Um hana gilda engin húsfriðunarlög.

Með vinsamlegri kveðju
M
==========
Magnús Þorkelsson/ M Thorkelsson
Skólameistari Flensborgarskóla
http://www.flensborg.is/maggi/ flensborg@flensborg.is

FORLAGIÐ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um þingskjal 631 – 443 mál. Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

I.

Um þingsályktunartillöguna

Forlagið ehf. fagnar framkominni tillögu. Ljóst er að lyfta þarf grettistaki til að sporna við þeirri þróun sem hefur orðið hvað tungumálið varðar. Bókaútgáfan Mál og menning keypti árið 1992 útgáfurétt að Íslenskri orðabók sem áður hafði verið hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs sem þá var í eigu ríkisins. Sá útgáfuréttur hefur síðan flust til Forlagsins. Síðan Mál og menning keypti útgáfuréttinn hafa tvær verulega endurbættar útgáfur komið út á prenti auk þess sem töluvert hefur verið unnið í rafrænum grunni bókarinnar sem birtur er á vefsetrinu snara.is. Sökum ört minnkandi sölu á prentuðum orðabókum og aukinnar samkeppni, m.a. við önnur sambærileg vefsetur, hefur þróun og vinna við Íslenska orðabók verið langt frá því sem skyldi og afar mikilvægt að bragarbót verði gerð þar á, og þar getur þingályktunartillagan skipt sköpum.

II.

„18. Orðasöfn.
Mikilvægt er að tryggja opið aðgengi almennings að upplýsingum og fræðslu um íslenskt mál, svo sem með orðabókum og orðasöfnum. Keyptur verði útgáfu- og birtingarréttur að útgefnum orðabókum svo betur megi tryggja hindrunarlaust aðgengi (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2016).
Efni skortir um íslenska tungu á netinu, svo sem aðgengilegar orðabækur og alfræðirit. Það vandaða efni sem þó er þar að finna blasir ekki í öllum tilvikum við hinum almenna netnotanda og ráða þarf bót á því. Margt úrvalsefni á íslensku á netinu er ekki nægilega sýnilegt fyrir íslenska málhafa og aðra áhugamenn um íslensku, þar á meðal börn og ungmenni sem þurfa öllum öðrum fremur á því að halda að alast upp við íslensku á netinu.“

Gagnsemi orðabóka og uppflettirita á netinu er ótvíræð. Nú vex úr grasi kynslóð barna og ungmenna sem leitar allra sinna upplýsinga á netinu og hún þarf að hafa greiðan aðgang að gagnreyndum orðasöfnum. Tvímælalaust er til bóta að hafa opinn og gjaldfrjálsan aðgang að sem flestum orðabókum og uppflettiritum á netinu, og ef litið er til niðurstaðna PISA-könnunarinnar frá 2015 þar sem kom skýrt fram að lesskilningi og orðaforða íslenskra nemenda er ábótavant hlýtur að vera nauðsynlegt að aðgengi að stuðningsritum af þessu tagi sé gott. Að sama skapi þarf að þjálfa nemendur í að nota þessi uppflettirit á markvissan hátt og nauðsynlegt að styðja kennara í þeirri vinnu.

Á vefsetrinu snara.is eru alls 36 uppflettirit af ýmsu tagi aðgengileg, til dæmis *Íslensk orðabók*, tvímálaorðabækur, íðorðasöfn, *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* og ýmis rafræn gagnasöfn. Allflestir skólar á landinu eru áskrifendur að snara.is auk fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Það hefur tekið þónokkurn tíma að byggja upp vefsetrið og töluverð vinna hefur verið lögð í það síðustu fimmtán ár á vegum Forlagsins og Snöru að koma orðabókum fyrir í gagnagrunnum, og þótt nýlegar orðabækur séu unnar í birtingarhæfum gagnagrunnum hefur þurft að vinna eldri bækur frá grunni, t.d. með því að skanna þær inn og leggja í mikla greiningarvinnu á innihaldi. Flest uppflettirit á snara.is eru í höfundarrétti og er rétthöfum greitt fyrir hverja uppflettingu.

Kaup á höfundarrétti og/eða birtingarrétti að orðabókum og uppflettiritum svo gera megi þau aðgengileg gjaldfrjálst á netinu eru allra þakka verð. Sömuleiðis þarf að meta hvernig birtingu er best háttað en nú hýsa tvö vefsetur efni af þessu tagi: snara.is og malid.is. Til að tryggja stöðu og samkeppnishæfni tungumálsins til framtíðar er þó ekki síður mikilvægt að tryggja ritstjórn þessara verka og endurskoðun. Tungumál taka sífelldum breytingum og sjaldan eða aldrei hefur verið meiri þörf á reglulegri endurskoðun orðabóka vegna æ hraðari tækni- og þjóðfélagsbreytinga. Orðabókavinna hefur alltaf verið kostnaðarsöm og það er engin tilviljun að ekki eru til, stærri og nýrri orðabækur en raun ber vitni. Þótt nokkuð hafi komið út af orðabókum síðastliðin tuttugu ár eru þær alltaf unnar sem tímabundin átaksverkefni og lítið skipulag er á uppfærslum og endurskoðun. Sem dæmi má nefna að út komu *Spænsk-íslensk* og *Íslensk-spænsk orðabók* árin 2007 og 2011 og var mikið þrekvirki að afla fjár til að ljúka þeirri vinnu. Þegar allt var talið saman tók um tuttugu ár að fjármagna verkið. Engin ritstjórn starfar hins vegar við þau verk lengur og þótt það væri hægt að endurskoða þau, bæta við orðum og lagfæra eftir atvikum fer einungis fram tilviljanakennd söfnun á leiðréttingum. Þetta á við um fjölmargar orðabækur, af ýmsum ástæðum. Oft hafa höfundar farið að sinna öðrum verkefnum og fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi vinnu eru ekki til staðar vegna þess að bækurnar skila litlum tekjum. Fæstir höfundar hafa svigrúm til að sinna henni í sjálfboðavinnu.

Eins og áður sagði fagnar Forlagið framkominni tillögu. Við teljum afar mikilvægt að allir sem koma að orðabókagerð, útgáfu og birtingu vinni sameiginlega að því að tryggja bæði ritstjórnarlega vinnu við orðabækur/orðasöfn og aðgengi alls almennings að efninu.

III.

Ljóst er að nú ríkir ófremdarástand þegar horft er til þróunar og vinnu við nýjar orðabækur. Vilji Forlagsins til að breyta núverandi ástandi er mikill en ljóst að tekjur myndu hvergi nærri duga til að standa undir slíkri vinnu sökum minnkandi sölu á orðabókum auk þess sem samkeppni við mun stærri aðila (s.s. Google) og sömuleiðis hið opinbera (s.s. malid.is) gerir að verkum að ekki er hægt að ráðast í kostnaðarsama vinnu og útgáfu.

Forlagið telur því mikilvægt að hagsmunaaðilar vinni saman að því að efla það sem fyrir er og standa saman að frekari framþróun fremur en að vinna hver í sínu horni. Þannig fæst mun betri nýting fjármuna og útkoman verður mun betri og markvissari.

Að standa sameiginlega að opnun Snöru fyrir allan almenning getur orðið til þess að gjörbreyta núverandi ástandi til hins betra á skömmum tíma.

Reykjavík, 11. janúar 2019,

Egill Örn Jóhannsson

Framkvæmdastjóri Forlagsins

Umsögn um þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Þýðingar hafa frá upphafi ritaldar á Íslandi og til þessa dags verið einn helsti aflvaki íslenskrar tungu. Þess vegna vekur undrun að ekki sé minnst orði á eflingu þýðinga í þingsályktuninni, að frátalinni hugmynd um að þýða tiltekið matstæki á íslensku og „þýðingavél“. Mikið af miðaldahandritum Íslendinga eru þýðingar og leiða má að því líkur að íslenskir höfundar þess tíma hafi einmitt lært handverk sitt af þýðingum. Siðaskiptin voru síðan bylting í notkun íslensku, þýðing Biblíunnar, sem hefur síðan komið út í 10 úgáfum hefur verið eitt helsta viðhaldstæki tungunnar, að ógleymdum öllum þeim sálmum sem þýddir voru og almenningur hefur sungið í kirkjum landsins um aldir. Málrækt Íslendinga á nítjándu öld má einnig að hluta til rekja til þýðinga, einkum Jónasar Hallgrímssonar sem sýndi með þýðingu sinni á stjörnuspeki Úrsínusar hvernig nýyrðasmíði gegnum þýðingar fer fram. Tímaritaflóð á íslensku á síðari hluta 19. aldar var einnig byggt að stórum hluta á þýðingum eins og rannsóknir hafa sýnt fram á. Og á 20. öld hafa Íslendingar þýtt meira en nokkru sinni og sannanlega bætt gríðarlegri þekkingu og orðaforða við málið með þeim hætti. Það menningarlega viðbragð sem Íslendingar sýndu með stofnun íslensks sjónvarps á sjöunda áratug síðustu aldar byggðist einnig að miklum hluta á þýðingum, enda hefur meirihluti efnis í íslensku sjónvarpi alltaf verið á erlendum málum en það er birt með íslenskum þýðingatextum. Sama má segja um íslenska lagatexta sem löngum hafa verið þýddir, ekki síst eftir að Íslendingar gerðust aðilar að EES, en gríðarleg þýðinga- og nýyrðastarfsemi Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins hefur bætt meiru við umdæmi íslensks máls en flesta grunar. Það sem kannski kom aftan að íslenskunni er tölvu- og netvæðingin, þar var farið af stað af krafti til að byrja með, en síðar slaknaði á því og segja má að hirðuleysi stjórnvalda gagnvart þýðingum á tölvuleikjum barna á tíunda áratug síðustu aldar hafi verið stórslys í viðhaldi íslensku meðal ungmenna í þessu landi. Vel var að verki staðið þegar Microsoft var fengið til að þýða stýrikerfi sitt á íslensku, en stjórnvöld geta gert miklu meira sem stórkaupendur á tölvum og tölvukerfum með kröfum um íslenskun slíks búnaðar. Samtímis þarf að efla þýðingar á öllum sviðum tungumálsins – í fagurbókmenntum, bókum og afþreyingarefni fyrir börn og ungmenni, fræðatextum og margskonar námsefni auk fjölbreytilegs efnis sem ætlað er til netmiðlunar - því að eftir því sem umdæmum íslenskunnar fækkar þeim mun erfiðar mun hún eiga uppdráttar. Þýðingar eru því lykilþáttur í eflingu íslensks máls og þess ætti að sjá stað í þingsályktun sem um það fjallar.

Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði
Ástráður Eysteinsson, prófessor í almennri bókmenntafræði

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 20. desember 2018

Efni: Umsögn vegna þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 19. desember s.l. var lögð fram beiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 13. desember 2018 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

20. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi og tekur undir helstu markmið og aðgerðaráætlun í 22 liðum. Sveitarstjórn leggur sérstaka áherslu á að saman fari orð og endir, og telur að nauðsynlegt sé að grípa þegar til allra tiltækra ráða sem þarna eru áformuð.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Borg • 801 Selfoss • Sími: 480 5500 • Fax: 480 5501 • gogg@gogg.is • www.gogg.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2019
Tilvísun: HI19010088/0.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Meðfylgjandi er umsögn Íslensku- og menningardeildar Hugvísindasviðs um tillöguna.

Virðingarfyllst
Háskóli Íslands

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 14. janúar 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands óskar eftir að koma á framfæri eftirtöldum ábendingum vegna tillögunnar:

1) Í kafla 10, *Íslenskunám fullorðinna innflytjenda*: Mikil þörf er á **auknu framboði íslenskunámskeiða** fyrir fullorðna innflytjendur **víða í samfélaginu** og á viðráðanlegu verði. Þannig þyrfti að fjölga „fræðsluaðilum" í samfélaginu (örfáir málaskólar eru nú til), jafnvel í samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök. Auk þess þarf að auka framboð á námskeiðum sem hæfa innflytjendum sem eru lengra komnir í íslenskunámi (málaskólar nú bjóða mest upp á grunnnámskeið í íslensku þannig að þeim eru skorður settar við að auka kunnáttu sína). Huga þurfi þá að fólki sem er á vinnumarkaði og hefði jafnvel þörf á síðdegis- eða kvöldnámskeiðum.

2) Í köflum 12 og 13 er fjallað um þörf á að búa til íslenskt efni fyrir börn. Að auki þyrfi að gera ríka kröfu um að **talsetja allt erlent sjónvarpsefni fyrir börn**, jafnt á Rúv og einkareknum sjónvarpsstöðvum.

Virðingarfyllst,
F.h. Íslensku- og menningardeildar

Kolbrún Friðriksdóttir
Aðjunkt í íslensku sem annað mál

Sæl
Hér sendist bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps síðan í gær vegna umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

1. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Sveitarstjórn fagnar tillögunni.

Kveðja
JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri

Komið þið sæl!

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 21. desember 2018 var tekið til afgreiðslu bréf frá nefndasviði Alþingis frá 13.desember 2018. Með bréfinu óskar Allsherjar- og menntamálanefnd eftir umsögn vegna tillögu til
þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Afgreiðsla bæjarráðs var svohljóðandi:
Bæjarráð tekur undir nauðsyn þess að íslenska verði efld sem opinbert mál á Íslandi og áhersla lögð á að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Því fagnar bæjarráð framkominni þingsályktunar tillögu en vísar henni jafnframt til fræðslunefndar með þeirri ósk að fjallað verði um það í nefndinni hvernig skólar Hveragerðisbæjar geti eflt íslenskukunnáttu nemenda enn frekar en nú er gert

Til fróðleiks má geta þess að Grunnskólinn í Hveragerði hefur þegar sett sér málstefnu sem er svohljóðandi:

Íslenska er okkar mál.

Í Grunnskólanum í Hveragerði er lögð rækt við íslenskt mál. Málfar í skólanum á að vera til fyrirmyndar og allt sem frá skólanum kemur á vandaðri íslensku. Vandað mál er markvisst og felst í viðeigandi orðavali, réttum beygingum og eðlilegri orðskipan. Í framburði málsins er gætt að skýrri hljóðmótun, réttum áherslum og eðlilegu hljómfalli samfellds máls.

Starfsmenn skólans nota íslensku í störfum sínum. Fundargerðir, minnisblöð og bréfaskipti eru á íslensku nema sérstök rök séu fyrir notkun annarra mála.

Starfsmenn Grunnskólans í Hveragerði hafa aðgang að öllum helstu handbókum um íslenskt mál, svo sem íslenskri orðabók, stafsetningarorðabók og samheitaorðabók.

Bestu kveðjur
Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2019

Efni: Umsögn Íðorðafélagsins um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Islandi.

Í tillögunni er lagt til að stuðlað verði að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu, gildi hennar og sérstöðu. Íðorðafélagið fagnar þingsályktunartillögunni og telur hana tímabæra. Hún styður við meginmarkmið íslenskrar málstefnu um að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Í aðgerðaráætluninni kemur fram að styðja skuli við starf orðanefnda til að tryggja að íslenskur fræðiorðaforði og íðorðastarf eflist. Íðorðafélagið tekur undir þetta en bendir jafnframt á að nauðsynleg forsenda þess er fjárhagslegur stuðningur við íðorðastarfið.

Starf orðanefnda getur verið með ýmsu móti. Mikil vinna er í því fólgin að taka saman íðorðasöfnen oft er um að ræða 3–5 sérfræðinga á viðkomandi fagsviði sem funda reglulega, en eru ólaunaðir sjálfboðaliðar. Reynslan er sú að starf orðanefnda gengur best þegar þær hafa getað ráðið starfsmann eða ritstjóra sem undirbýr efni fyrir fundina. Erfitt hefur verið að fá styrki í íðorðastarf og er Málræktarsjóður eini sjóðurinn sem hefur haft það verkefni að styðja við slíkt starf en hann hefur því miður lítið og stundum ekkert fjármagn til úthlutunar.

Íðorðafélagið leggur til að annaðhvort verði Málræktarsjóður efldur til að unnt verði að veita orðanefndum starfsstyrki og útgáfustyrki eða þá að stofnaður verði sérstakur Íðorðasjóður sem hefði það sérstaka markmið að styrkja íðorðastarf í landinu fjárhagslega.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur boðið upp á fundaraðstöðu fyrir orðanefndir og ráðgjöf um íðorðastarfið auk þess að reka sérhæfðan íðorðabanka þar sem birt eru fjölmörg íðorðasöfn í opnum aðgangi fyrir fagfólk og almenning. Íðorðafélagið bendir á að þessi stuðningur er mjög mikilvægur fyrir íðorðastarf í landinu en að hann þurfi að efla enn frekar.

Með góðum og aðgengilegum íðorðasöfnum eiga íslenskir þýðendur og aðrir höfundar miklu hægara með að skrifa um sérfræðileg efni á íslensku og staða íslensku sem opinbers máls verður sterkari en ella.

Fyrir hönd Íðorðafélagsins,

Ágústa Þorbergsdóttir, agustath@hi.is
Björgvin G. Andersen, bjorgvin.r.andersen@gmail.com
Jóhann Heiðar Jóhannsson, johidord@simnet.is

11. janúar 2019

Umsögn um: Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Þingskjal 631 – 443. mál.

Sendandi: Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrir hönd íðorðanefndar í menntunarfræði.

Umsögn:

Íðorðanefnd í menntunarfræði fagnar tillögu til þingsályktunar um að efla íslenska tungu sem opinbert mál á Íslandi. Einkum fangar nefndin grein um orðanefndir í tillögunni þar sem segir: „Styðja skal starf orðanefnda til að tryggja að íslenskur fræðiorðaforði og íðorðastarf eflist."

Íðorðanefnd í menntunarfræði sem hóf störf árið 2009 vinnur að eflingu íslenskrar tungu með það markmið að íðorð á öllum helstu sviðum fræðanna sé að finna í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Ný hugtök bætast stöðugt við og mikilvægt er að geta rætt um fræðin á íslensku. Hlutverk nefndarinnar er að taka saman íðorð á fræðasviðinu og gera þau aðgengileg með þýðingum og skilgreiningum. Í því felst að samræma merkingu og notkun fyrirliggjandi íðorða, hafa frumkvæði að nýjum eða bregðast við ákalli um íslensk orð fyrir ný hugtök. Markhópurinn eru fræðimenn, kennaranemar og starfendur á sviði menntamála. Mjög mikilvægt er að háskólakennarar sem sjá um kennslu og þjálfun nemenda á Menntavísindasviði geti notað íslensk íðorð í kennslu sinni og eflt þar með nemendur sína í að nýta þau bæði í töluðu og rituðu máli.

Áhugahópi sem vinnur án fjárframlags að íðorðasmíði og skilgreiningum á íðorðum miðar hægt. Mjög mikilvægt er að nefnd sem þessi eigi kost á að hafa sér við hlið starfsmann sem undirbýr efni fyrir nefndarfundi og heldur utan um orðasafnið.

Á fyrstu árum íðorðanefndarinnar gekk starfið mjög hægt en á þeim tíma naut nefndin ekki styrkja og gat því ekki ráðið sér starfsmann. En með eflingu Málræktarsjóðs átti nefndin m.a. kost á að sækja um styrki til sjóðsins og hefur hlotið styrki úr honum þrisvar sinnum til að ráða starfsmann í hálft starf í nokkra mánuði hverju sinni. Við það efldist starfið mjög mikið. Nú eru um 400 íðorð í menntunarfræði í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Nefndin hefur sett sér það markmið að þar sé að finna um 1.000 íðorð á öllum helstu sviðum menntunarfræði ásamt skilgreiningum.

Því er gríðarlega mikilvægt að styðja starf orðanefnda með fjárframlögum til að tryggja að íslenskur íðorðaforði eflist. Án markvissrar vinnu orðanefnda og fjárhagslegs stuðnings er hætta á að ekki verði til sá fræðiorðaforði á íslensku sem gerir fólki kleift að tala og rita um fræðin á íslensku.

Stjórn Íslenskrar málnefndar sendir eftirfarandi umsögn:

Íslensk málnefnd fagnar þessari tillögu sem er löngu tímabær og styður vel við Lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál, nr. 61/2011. Sérstaklega fagnar Íslensk málnefnd því að ályktanir nefndarinnar hafa reynst gagnlegar við að benda á mikilvæg áhersluatriði sem sést á því að til þeirra er vísað alloft í tillögunni. Tillagan er að mati nefndarinnar afar þörf viðbót við lögin og er vísir að miklu umbótastarfi í þágu íslenskunnar.

Íslensk málnefnd vill vekja athygli á að á miklu veltur að framkvæmdavaldið bregðist vel við þessari snöfurmannlegu tillögu. Málnefndin hefur sjálf sett fram hugmynd um að skipaður verði sérstakur Umboðsmaður íslenskunnar í ráðuneytinu. Burtséð frá því starfsheiti er afar mikilvægt að í ráðuneytinu verði eining sem hafi það að meginstarfi að fylgja verkefninu eftir þannig að það mæti ekki afgangi. Mörg áhersluatriðin munu hafa áhrif á fleiri lög og reglur og munu kalla á mikla samvinnu ólíkra fagaðila. Má þar nefna áhersluatriðið að auka vægi íslenskukennslu í kennaranámi og nám nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Áhersluatriði 22 lýtur sérstaklega að Íslenskri málnefnd en ný nefnd tekur til starfa í janúar 2020. Hennar hlutverk verður að endurskoða íslenska málstefnu en það verður tímafrekt verk vegna gjörbreyttra aðstæðna. Skilja má lokasetningu ályktunarinnar þannig að því verki verði að fullu lokið í árslok 2020 en það er ekki raunsætt.

--
Dr. Ármann Jakobsson
prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda,
Árnagarði (no. 424)
Háskóla Íslands,
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2019

Tilvísun: 201812-0004 / IS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi – 443. mál

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn styður heilshugar tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, auk markmiða og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2022.

Allar tillögur í aðgerðaáætlun eru mikilvægar en sérstaklega er lýst ánægju með tillögur er varða læsi, skólasöfn, háskólakennslu og rannsóknir, stafrænt námsefni, bókaútgáfu, sjóð fyrir barna- og ungmennabókmenntir, almenningsbókasöfn, máltækni og opið aðgengi almennings að orðasöfnum og upplýsingaveitum um íslenskt mál. Markmiðið ætti að vera að stuðla að auknum lestri á íslensku og efla hana í stafrænum heimi.

Athugasemdir við ofantaldar greinar í aðgerðaáætlun:

2. Mikilvægi læsis. Lögð er áhersla á lestur og lestrarfærni. Hér þarf að halda áfram þeirri góðu vinnu sem hefur verið unnin á undanförnum árum til þess að hvetja börn og ungmenni til að bæta sig í lestri. Sérstaklega er tekin fram aðkoma bókasafna að eflingu læsis almennt, en hlutverk þeirra og sú sérþekking sem starfsfólkið býr yfir er ekki ofmetin. Víða um land standa almennings- og skólabókasöfn fyrir margvíslegum viðburðum og hvatningu varðandi lestur og læsi og brýnt er að efla það starf.

4. Skólabókasöfn. Vert er að benda á að eftir hrun var fjármagn til ritakaupa velflestra bókasafna skorið niður, víða allt að 70%. Mörg skólabókasöfn lentu illa í þessum niðurskurði. Sumsstaðar hefur niðurskurðurinn gengið til baka en í of mögum tilvikum hefur það ekki gerst og söfnin því ekki getað keypt hentugt efni. Mikilvægt er að sveitarfélög auki fjármagn til starfsemi skólabókasafna og hvatt er til þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið setji viðmið eða staðla um starfsemi skólasafna, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi m.a. um safnkostinn, lágmarksendurnýjun á honum, tækjabúnað og fjölda starfa. Vonast er til að ný lög

um stuðning við útgáfu bóka á íslensku nr. 130/2018 verði til þess að úrval bóka fyrir börn og unglinga aukist.

7. Háskólakennsla og rannsóknir. Mikilvægt að birta niðurstöður rannsókna á öðrum tungumálum, en jafnframt á íslensku. Einnig að halda vel utan um rannsóknagögn, niðurstöður og birtingar á rannsóknum Íslendinga, hvort sem þær fara fram hér á landi eða annars staðar.

9. Stafrænt námsefni. Afar mikilvægt er að auka hlut stafræns námsefnis með markvissum aðgerðum og auknu fjármagni. Nauðsynlegt er að nemendur fái námsgögn bæði á pappír og rafrænt og venjist á að nota báðar tegundir.

14. Bókaútgáfa. Lbs-Hbs styður allar skynsamlegar aðgerðir til eflingar bókaútgáfu og bókmenningu á Íslandi. Fagnað er nýsamþykktum lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku nr. 130/2018 og mikilvægt er að styrkja það umhverfi sem bókmenningin þrífst í, íslenska tungu, ritun og útgáfu bóka á íslensku, tækniþróun í greininni, styrkjaumhverfi o.fl.

15. Barna- og ungmennabókmenntir. Margoft hefur komið fram að skortur er á fjölbreyttara lesefni á íslensku fyrir börn og ungmenni. Lýst er ánægju með hugmyndir um nýjan styrkjaflokk, fyrir barna- og ungmennabækur, hjá Miðstöð íslenskra bókmennta.

16. Almenningsbókasöfn. Skv. bókasafnalögum nr. 150/2012 skal mennta- og menningarmálaráðuneytið stofna bókasafnaráð og bókasafnasjóð. Því miður hefur gengið erfiðlega að koma á starfhæfu ráði og aldrei hefur neinum fjármunum verið ráðstafað í bókasafnasjóð. Því er fagnað tillögu um að framlag til sjóðsins verði tryggt á fjárlögum og það notað til að efla starfsemi bókasafna með því að styrkja rannsóknir, þróunarverkefni og samstarf bókasafnanna. Almennings- og skólabókasöfnin gegna lykilhlutverki varðandi eflingu íslenskunnar, með því að tryggja aðgengi alls almennings að útgefnu efni á íslensku, með stuðningi við læsi, með margvíslegum viðburðum sem styðja við hvers kyns menningarstarfsemi o.fl.

17. Máltækni. Lýst er stuðningi við allar aðgerðir sem tryggja íslenskunni sess í stafrænum heimi.

18. Orðasöfn. Tekið er undir mikilvægi þess að tryggja opinn aðgang að orðasöfnum og upplýsingaveitum um íslenskt mál, enda er tungan sameign okkar allra. Einnig er mikilvægt að búa til og opna gagnasöfn sem innihalda íslenskt prentmál og jafnvel talmál fyrri tíma í rannsóknaskyni.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

landsbókavörður

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Arngrímsgata 3, 107 Reykjavík | 525 5600 | landsbokasafn.is

LÍS
Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013

Reykjavík, 14. janúar 2019

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 433. mál

Á sama tíma og Landssamtök íslenskra stúdenta fagna auknum aðgerðum til að efla íslenska tungu til framtíðar vilja samtökin koma á framfæri ákveðnum áhyggjum vegna aðgerðaáætlunar sem sett er fram í tillögunni.

Mikilvægt er að boðið sé upp á nám á ensku á öllum stigum háskólamenntunar til þess að tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi og til þess að stuðla að alþjóðavæðingu háskólakerfisins. Það er lykilatriði að allir eigi kost á að stunda nám á íslandi, óháð íslenskukunnáttu, og framboð náms á ensku er þar grundvallaratriði. Alþjóðavæðing í íslensku háskólasamfélagi er mjög mikilvægt til þess að efla gæði háskólanáms og tryggir einnig samkeppnishæfni íslenska háskólakerfisins á alþjóðavettvangi. Fækkun námsleiða á ensku eykur því hættu á því að Ísland verði eftirbátur annarra samanburðarlanda. Til að efla enn frekar íslenska háskóla er mikilvægt að geta boðið erlendum fræðimönnum og kennurum, sem hafa sérþekkingu á sínu sviði, til Íslands til að kenna og halda erindi. Af þessum sökum er mikilvægt að einskorða nám á háskólastigi ekki við íslensku.

Það sem hægt er að gera til þess að efla íslenska tungu í íslensku háskólakerfi væri hins vegar að efla framboð á íslenskukennslu fyrir alþjóðlega stúdenta sem stunda hér nám, óháð námsleið eða skóla. Þetta yrði til aukinnar innlimunar þessara stúdenta í íslensku samfélagi og stuðlar að því að þeir komi til með að lengja dvöl sína á Íslandi umfram námsár.

F.h. Landssamtaka íslenskra stúdenta

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir
formaður

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 14.janúar 2019

Efni: Umsögn Málnefndar um íslenskt táknmál um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Málnefnd um íslenskt táknmál (MÍT) lýsir ánægju sinni með þessa tillögu og fagnar því að þar komi fram að MÍT sé falið að semja málstefnu fyrir íslenskt táknmál. MÍT leyfir sér að benda á að full ástæða sé til að þingsályktunartillaga verði einnig lögð fram þar sem raktar séu leiðir til að efla íslenska táknmálið, sem samkvæmt skilgreiningum telst í útrýmingarhættu (https://www.ethnologue.com/language/icl).

Þær athugasemdir sem MÍT setur fram um einstök atriði tillögunnar koma fram hér á eftir og svara kaflaheiti í umsögninni kaflaheitum tillögunnar og greinargerðarinnar. Athugasemdirnar snúast að mestu um aðgengi að samfélaginu á táknmáli í samræmi við aðgengi á íslensku, t.d. í sambandi við fjölmiðla, snjalltæki, námsefni og kennslu. Einnig er lögð áhersla á hversu mikilvægt það er að þeir nemendur sem hafa íslenskt táknmál (ÍTM) að móðurmáli njóti stuðnings í íslenskunámi rétt eins og nemendur af erlendum uppruna. Hluti þeirra sem hafa ÍTM að móðurmáli læra ekki íslenku nema í skóla og er stefnan sú að þeir verði tvítyngdir til að þeir njóti jafnra tækifæra í íslensku samfélagi.

Fleiri athugasemdir er einnig að finna í textanum, þar á meðal ábendingar sem nefndarmenn MÍT telja mikilvægar vegna stöðu íslenskunnar.

II. AÐGERÐAÁÆTLUN 2019–2022

Menntun og skólastarf.

Skólabókasöfn.

Starfsemi skólabókasafna verði efld og þjónusta við nemendur bætt. Áhersla verði lögð á aðgang að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku.

Tillaga um breytingu:

- Seinni setningin verði:
  Áhersla verði lögð á aðgang að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku og íslensku táknmáli.

Háskólakennsla og rannsóknir.

Haldið verði uppi öflugri háskólakennslu og rannsóknarstarfsemi í íslensku og íslenskum fræðum, bæði grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum.

Tillaga um breytingu:

- Setningin verði:
  Haldið verði uppi öflugri háskólakennslu og rannsóknarstarfsemi í íslensku, íslensku táknmáli, íslenskum fræðum og táknmálsfræðum, bæði grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum.

Kennsla á íslensku.

Kennsla í menntakerfinu á 1.–6. þrepi hæfniramma fari fram á íslensku.

Tillaga um breytingu:

- Setningin verði:
  Kennsla í menntakerfinu á 1.- 6. þrepi hæfniramma fari fram á íslensku og íslensku táknmáli þar sem það á við.

Menning.

Innlend dagskrárgerð.

Innlend dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla verði efld og aðgengi tryggt að fjölbreyttu efni á íslensku.

Tillaga um breytingu:

- Setningin verði eftirfarandi og við greinina verði bætt setningu:
  Innlend dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla verði efld og aðgengi tryggt að fjölbreyttu efni á íslensku og íslensku táknmáli. Sérstaklega verði hugað að textun íslenskunnar fyrir þá sem það geta nýtt sér.

Barna- og ungmennabókmenntasjóður.

Sjóður fyrir barna- og ungmennabækur verði settur á laggirnar.

Tillaga um breytingu:

- Hér bætist við fyrir neðan:

  Barna- og ungmennasjóður: Stafrænt gagnvirkt efni fyrir börn:

  Sjóður fyrir forrit í snjalltækjum sem sérstaklega bjóði upp á vandað fræðslu- og afþreyingarefni á íslensku og íslensku táknmáli fyrir börn og unglinga verði settur á laggirnar.

Almenningsbókasöfn.

Starfsemi almenningsbókasafna verði efld og áhersla lögð á aukna þjónustu við almenning og aðgengi að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku.

Tillaga um breytingu:

- Setningin verði:
  Starfsemi almenningsbókasafna verði efld og áhersla lögð á aukna þjónustu við almenning og aðgengi að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku og íslensku táknmáli.

Stefnumótun, stjórnsýsla og atvinnulíf.

Viðmið um málnotkun.

Sett verði viðmið um notkun íslensku og annarra tungumála í upplýsinga- og kynningarefni á vegum stjórnvalda og atvinnulífs.

Tillaga um breytingu:

- Setningin verði eftirfarandi og við greinina verði bætt setningu:
  Sett verði viðmið um notkun íslensku, íslensks táknmáls og annarra tungumála í upplýsinga- og kynningarefni á vegum stjórnvalda og atvinnulífs. Sérstaklega verði hugað að frumkynningum á íslensku táknmáli þar sem það á við.

Umsagnir um Greinargerðina. (Viðbætur eru settar inn *með rauðu skáletri*)

3. Íslenska sem annað mál.

.....

Mikilvægt er að nemendur af erlendum uppruna *og þeir nemendur sem hafa ÍTM að móðurmáli* njóti stuðnings í íslenskunámi í leik-, grunn- og framhaldsskólum svo þeir öðlist góða lestrarfærni sem er grundvöllur að farsælli skólagöngu. Einnig að þeir nái góðum tökum á íslensku sem öðru tungumáli sem er lykillinn að virkri þátttöku þeirra í atvinnulífi og samfélaginu. Til að ná þessum markmiðum þarf að samhæfa stuðning við nemendur af erlendum uppruna með markvissum og heildstæðum hætti (sbr. ályktanir Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2013 og 2015 og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016–2019).

....

Styrkja þarf menntakerfið svo það verði fært um að takast á við fjöltyngdan og fjölmenningarlegan nemendahóp. *Sérstaklega þarf að huga að námsefni fyrir þennan hóp sem jafnframt gæti nýst í sérkennslu barna sem fædd eru á Íslandi og þurfa sértæka aðstoð vegna málþroskaraskana.* Samkvæmt skýrslu Fjölmenningarseturs frá árinu 2017 hefur fjöldi barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum sjöfaldast frá aldamótum. Móðurmál er undirstaða annars tungumálanáms og því þarf að vinna markvisst að því að viðhalda og styrkja móðurmál barna í íslensku málumhverfi, svo sem leik- eða grunnskóla. *Þá er mikilvægt að styðja við foreldra af erlendum uppruna og fræða þá um ábyrgð þeirra við að viðhalda móðurmáli barna sinna.* Sé það ekki gert getur það haft neikvæð áhrif á þróun lestrarfærni barnanna og námsframvindu í íslensku sem öðru máli sem og tungumálanámi almennt.

5. Kennaramenntun.

.....

Fræðsla um *framburð íslensku málhljóðanna,* máltöku barna og mikilvægi samtals við börn á máltökuskeiði er áríðandi þáttur í kennaranámi. Þá sýna rannsóknir að gagnvirk málleg samskipti barna og fullorðinna – samtöl – eru mikilvægur þáttur til að byggja upp og efla málþroska barna á máltökuskeiði. Því meira sem talað er við börnin og lesið fyrir þau, þeim mun betra.

.....

8. Kennsla á íslensku.

Samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls frá 2011 er þjóðtungan sameiginlegt mál landsmanna og stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Lögð er áhersla á að kennsla á öllum skólastigum fari fram á íslensku nema annað leiði af eðli náms eða námskrár. *Mikilvægt er að málhafar íslensks táknmáls fái stuðning og kennslu í því máli.* Allir skólar á 1.–6. hæfniþrepi, þ.e. allt frá leikskóla til framhaldsmenntunar á háskólastigi, skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu. Gefa skal nemendum ríkuleg tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt og leggja sérstaka áherslu á hugtakaskilning og fagorðaforða á íslensku. Sérstaklega skal leggja áherslu á að nemendur tileinki sér fagorðaforða á íslensku í starfsnámi og háskólanámi og geti tjáð sig um eigin sérsvið á íslensku.

15. Barna- og ungmennabókmenntasjóður.

Viðbót

15.b) Sjóður fyrir stafræn og gagnvirk forrit, sbr hér að ofan

18. Orðasöfn.

.....

Efni skortir um íslenska tungu á netinu *og í snjalltækjum*, svo sem aðgengilegar orðabækur og alfræðirit. Það vandaða efni sem þó er þar að finna blasir ekki í öllum tilvikum við hinum almenna netnotanda og ráða þarf bót á því. Margt úrvalsefni á íslensku á netinu er ekki nægilega sýnilegt fyrir íslenskra málhafa og aðra áhugamenn um íslensku, þar á meðal börn og ungmenni sem þurfa öllum öðrum fremur á því að halda að alast upp við íslensku á netinu *og í snjalltækjum.*

21. Málstefna um íslenskt táknmál.

.....

Meðal áhyggjuefna er bág máltaka og menntun barna sem tala táknmál. Að auki er bent á að setja þurfi lög um túlkaþjónustu í daglegu lífi og um túlkaþjónustu í atvinnulífi til að tryggja rétt þeirra sem tala táknmál. Málnefnd um íslenskt táknmál er því falið að vinna drög að stefnu um íslenskt táknmál í samvinnu við sérfræðinga og hagsmunaaðila *og skal hún liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2020.*

Það er ósk MÍT að tekið verði tillit til athugasemdanna sem hér komu fram. Jafnt aðgengi að samfélaginu er öllum mikilvægt, einnig fyrir málhafa íslenska táknmálsins.

Fyrir hönd Málnefndar um íslenskt táknmál

Hólmfríður Þóroddsdóttir
Ritari Málnefndar um íslenskt táknmál
malnefnd@mit.is

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal 631-443. mál. Stjórnartillaga

Um tillöguna almennt

Það er þarft verk að skoða reglulega hvernig við varðveitum og bætum málið. Hlutirnir breytast hratt og bæði verða til nýjar ógnir og ný tækifæri á hverju ári. Undirritaður telur að gæta þurfi að því að tillögur um leiðir til að bæta og efla íslenska tungu beri ekki keim ákveðinna pólitískra lína. Mikilvægi samstöðu í svona máli er of mikið til þess að slíkt megi gerast. Það þarf einnig að huga vel að afleiðingum aðgerða til að efla íslenskuna. Það er ekki nóg að lýsa yfir góðum vilja einnig þarf stuðning og fjármagn til að framkvæma það sem lagt er upp með.

HELSTU MARKMIÐ

Íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins.
Íslenskukennsla verði efld á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara.
Framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð.

Athugasemdir/ábendingar

Þessi markmið hljóma vel en ágæti framkvæmdarinnar veltur á því hvernig þetta er hugsað. Hvað þýðir það að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins? Tökum sem dæmi vöxtinn sem verið hefur í ferðaþjónustu á Íslandi undanfarin ár. Þessi vöxtur hefði ekki orðið nema vegna þess að fjölmargir erlendir ríkisborgarar hafa flust til Íslands til að starfa innan þessa geira. Íslenskt vinnuafl hefur ekki verið til staðar. Afleiðing þessa er m.a. sú að fjölmargir einstaklingar innan ferðaþjónustunnar tala litla sem enga íslensku. Það hefði verið útilokað að manna ferðaþjónustuna með fólki sem talar íslensku.

Veltum einnig fyrir okkur áhrifum þess á mennta- og fræðaheiminn ef gerð er skýr krafa um að íslenskan sé notuð á öllum sviðum samfélagsins. Smæð þjóðarinnar veldur m.a. því að okkur bráðvantar þekkingu á ákveðnum sviðum. Háskóla- og rannsóknarsamfélagið þarf á því að halda að fá erlenda sérfræðinga á fjölmörgum sviðum. Kennsla og nám á háskólastigi er oft byggt á erlendum rannsóknum, bækur, rit og greinar eru oftar en ekki á ensku og kennarar eru oft af erlendu bergi brotnir. Á framhaldsskólastigi er einnig skortur á sérfræðiþekkingu á ákveðnum sviðum og því getur verið nauðsynlegt að fá erlenda aðila til kennslu til að uppfylla lágmarkskröfur um faglega hæfni í þeim greinum. Í svona tilvikum þarf að vera svigrúm til þess að ráða erlenda aðila, jafnvel þó þeir kunni ekki íslensku.

Menntun og skólastarf

Athugasemdir/ábendingar

Hér undir eru tíundaðir margir þættir, flestir mikilvægir og þarfir. Læsi er sannarlega mikilvægt, sérstaklega í víðum skilningi þess orðs. Læsi er grunnforsenda þess að nám fari fram og því þarf að huga vel að því á öllum stigum. Þróun íslenskrar tungu verður að taka mið af þeirri staðreynd að bæði þekking, menning og störf virða ekki landamæri ríkja. Börn eru fljót að tileinka sér tungumál og þau læra það sem fyrir þeim er haft. Hættan sem steðjar að íslenskri tungu kemur því ekki frá börnum eða unglingum. Það eru hinir fullorðnu sem ógna málinu.

Skólabókasöfn *eru mikilvæg og nauðsynleg. Aðgangur að námsefni og fróðleik þarf að vera góður á öllum skólastigum. Skólabókasöfn eru afar misvel búin til að sinna hlutverki sínu. Á grunnskólastiginu eru þau undir hatti sveitarfélaganna eins og það skólastig allt að einkaskólum undanskildum. Á framhaldsskólastigi eru skólasöfnin á forræði hvers skóla fyrir sig og rekstur þeirra á ábyrgð skólans eingöngu. Sama á við um háskólastigið. Engar reglur eða viðmið eru til um hvaða þjónustu þessi söfn eiga að geta veitt né heldur er hugað að því hvað slík þjónusta kostar. Bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi hækkar hlutfall kostnaðar vegna áskriftar að rafrænum gagnagrunnum. Þetta gerist á kostnað prentaðs efnis. Stærsti hluti efnis í rafrænum gagnagrunnum er erlent efni. Þetta þarf að hafa í huga þegar rætt er um eflingu skólabókasafna. Aðgangur að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku er pólitísk ákvörðun. Afar litlu fjármagni er varið til skólabókaútgáfu á grunnskólastiginu og nær engu á framhaldsskólastigi. Ekkert námsefni hefur verið gefið út sem tekur mið af grunngildum og viðmiðum í aðalnámskrá framhaldsskóla. Ef framkvæmd á að fylgja orðum þarf fjármagn að fylgja með.*

Kennaramenntun *Orðalagið í þingsályktuninni er þannig að sú hugsun læðist að manni að eingöngu sé verið að hugsa til þeirra sem mennta sig til starfa á grunn- og leikskólastigi. Þó gott vald á íslenskri tungu sé jafn mikilvægt þeim sem starfa á efri skólastigum og þá ekki síst á háskólastiginu þá er sérfræðiþekking í faggreinum ekki síður mikilvæg þeim sem fara til starfa á framhaldsskóla- og háskólastiginu. Það skortir í kennaramenntunina viðunandi ákvæði um lágmarkskröfur í faggrein. Þar sem þessi þingsályktunartillaga kemur fram á sama tíma og mennta- og menningarmálaráðherra viðrar sínar hugmyndir um eitt leyfisbréf fyrir öll skólastig er óhjákvæmilegt annað en tengja þetta tvennt saman. Sú hugmynd ráðherra er ekki góð og mun valda skaða á framhaldsskólastiginu og gæti orðið til þess að áratuga barátta fyrir betri og meiri fagmenntun kennara verði einskis virði.*

Starfsþróun kennara *Hér er orðalag þingsályktunarinnar þannig að ljóst er að það hlýtur að eiga eingöngu við um leikskóla- og grunnskólastigið. Kröfur um fagmenntun á framhaldsskólastigi eru þannig að við núverandi ástand er útilokað að kennaramenntun geti verið þannig að allir sem henni ljúki hafi nægjanlegan grunn til þess að kenna íslensku. Til þess að það geti orðið þarf annað af tvennu að gerast.*

1. *Dregið verði verulega úr kröfum um fagmenntun íslenskukennara í framhaldsskólum.*
2. *Kennaranám verði lengt verulega frá því sem nú er þannig að tryggt verði að allir sem því ljúki hafi nægjanlegan faglegan bakgrunn til þess að kenna sína faggrein og íslensku að auki.*

Kennsla á íslensku *Það að ákveða að íslenska skuli vera tungumálið sem kennt er á öllum skólastigum hefur áhrif á framhaldsskóla- og háskólastigi sem þarf að skoða hvort séu æskileg.*

Starfsþróun kennara *Ef þetta á að ná til allra kennara virðist ákvæðið um að kenna íslensku fyrst og fremst vera skrifað fyrir þá sem kenna í leik- og grunnskólum. Ef þetta á að ná til annarra skólastiga þarf að endurskrifa þetta.*

Stafrænt námsefni *Það er gott ef þessar áherslur ganga í gegn. Til þess að það gerist þarf algeran umsnúning í stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi útgáfu á námsefni. Ekkert skipulag er á útgáfu efnis fyrir framhaldsskólastigið, þar eru hlutirnir í lamasessi. Fyrst og síðast þarf þá bæði að gera ráð fyrir kostnaði við útgáfu efnis og fjármunum til að greiða fyrir þá vinnu sem liggur þar að baki. Tryggja þarf að þeir sem valdir eru sem höfundar að kennsluefni séu þeir færustu hverju sinni.*

Menning

Athugasemdir/ábendingar

Það er erfitt að sjá hvernig eftirfarandi eigi að styrkja íslenska tungu, „Einkareknir fjölmiðlar. Kostnaður einkarekinna rit- og ljósvakamiðla verði endurgreiddur að hluta."

Er þetta ekki bara pólitík sem hefur ekkert að gera með stöðu tungumálsins. Hvernig tengist staða tungumálsins því að ríkið fari að greiða einkareknum rit- og ljósvakamiðlum hluta af rekstrarkostnaði þeirra?

Tækniþróun, aðgengi og nýsköpun

Athugasemdir/ábendingar

Þetta er þarft en það þarf að skilgreina markmið vel og meta kostnað af þeim þáttum eða aðgerðum sem ákveðið er að ráðast í. Fjármagn þarf til.

Stefnumótun, stjórnsýsla og atvinnulíf

Athugasemdir/ábendingar

Stefnumótun er af hinu góða. Stefnumótuninni þarf síðan að fylgja aðgerðaáætlun með verkaskiptingu. Þá þarf að kostnaðarmeta pakkann og tryggja fjármagn. Annars gerist ekkert. Fyrirsögn þessa liðar vekur upp vangaveltur um aðkomu atvinnulífs að stefnumótun um eflingu íslenskunnar. Ekkert í þessari ályktun tengist beint aðkomu atvinnulífs þannig að líkast til er ætlunin að setja einhverjar reglur um birtingu efnis og auglýsinga sem einnig munu ná til atvinnulífs. Það er þörf á því að staldra við þarna því mikið af auglýsingum og efni sem berst til almennings þarfnast yfirlestrar einhverra sem tala og kunna íslensku. Hins vegar væri langbest að reyna að breyta viðhorfi og metnaði til tungumálsins frekar en setja boð og bönn.

Reykjavík, 19.12.2018

Már Vilhjálmsson

rektor Menntaskólans við Sund

Reykjavík, 23. janúar 2018

Umsögn Menntavísindasviðs um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Menntavísindasvið Háskóla Íslands fagnar því að tillaga til þingsályktunar um eflingu íslensku komi fram. Til þess liggja margar ástæður og er gerð góð grein fyrir þeim í greinargerð með tillögunni. Þar má nefna að málsamfélag hefur breyst nokkuð hratt þar sem fjölgun þeirra, sem hafa annað móðurmál en íslensku, hefur verið hröð og búast má við að svo verði enn um hríð. Einnig er víst að ekki sér fyrir endann á áhrifum nýrrar tækni á málfarsleg samskipti fólks á öllum aldri. Í umsögn þessari má finna nokkur atriði sem koma upp við lestur á tillögunni sjálfri sem og rökstuðningi fyrir henni.

1. **Opinbert mál**. Í tillögunni er víða almenn skírskotun til íslenskrar tungu, bæði þar sem rætt er um íslensku sem móðurmál og sem annað mál. Nokkuð almenn sátt ríkir um skilgreiningu á móðurmáli en þegar kemur að öðru máli verður myndin talsvert flóknari. En meginatriði er að þar sem tillagan er jafn almenn og raun ber vitni gæti heiti hennar verið nokkuð misvísandi. Hvað merkir íslenska sem opinbert mál? Er eingöngu átt við einhvers konar stjórnsýslumál? Varla mun sú vera raunin. Því má velta því fyrir sér hvort ekki megi sleppa orðinu 'opinbert'. Einnig er rætt um kennslu í íslensku í útlöndum og því má spyrja hvort ástæða sé til þess að takmarka tillöguna við Ísland. Leggja mætti til að tillagan héti *Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku.*
2. **Kennaramenntun**. Hér mætti undirstrika vægi íslenskunnar í almennu kennaranámi á þann veg að nemendur séu færir að nýta tækifæri *þvert á faggreinar* til að vinna með og efla hæfni nemenda á íslensku og stuðla að jákvæðu viðhorfi til íslenskunnar. Einnig mætti draga fram hve mikilvægt er að kennarar búi yfir hæfni til að stuðla að samskiptum og samvinnunámi sem skapar vettvang fyrir efla skilning og málkunnáttu nemenda. Kennaranemar þurfa því ekki aðeins góða íslenskukennslu eða kunnáttu í kennslufræði íslenskunnar, heldur einnig að búa yfir leiðum og aðferðum til að virkja nemendur í samræðu um ólík viðfangsefni námsins. Og búa yfir hæfni til að koma auga á tækifæri í samskiptum nemenda sem nýta má til að vinna með tungumálið og stuðla að sterkari málvitund nemenda. Eitt af markmiðum í drögum þingsályktunar um að efla íslenska tungu er að íslenskukennsla verði efld á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara. Til að undirstrika mikilvægi þess að allir kennarar séu íslenskukennarar og beri ábyrgð á að þróa hæfni nemenda í að nota íslenskt mál leggjum við til að markmiðið feli það í sér. Sjá mætti fyrir sér tvær leiðir til að orða þessa áherslubreytingu í tillögunni:
    a. Íslenskukennsla þvert á námsgreinar verði efld á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara.
    b. Íslenskukennsla á öllum skólastigum verði efld þvert á námsgreinar ásamt menntun og starfsþróun kennara.
3. **Læsi.** Fagnað er áherslu á læsi og markvissar aðgerðir til að stuðla að læsi barna. Í tillögunni sjálfri mætti að ósekju leggja áherslu á læsi í víðum skilningi, sem beint og

óbeint stuðlar að málkunnáttu og skilningi barna, hvort sem er á texta, myndum, samfélagi og menningu. Þá er rétt að ítreka mikilvægi þess að unnar séu rannsóknir á áhrifum ólíkra aðferða til að stuðla að málnotkun og málskilningi og að lagt sé mat á skipulagðar aðgerðir til að efla læsi.

4. **Mikilvægi foreldra.** Máluppeldi og máltaka barna er hvorttveggja beint og óbeint þáttur í tillögunni. Því gæti vakið undrun að ekki sé meira fjallað um hlut foreldra og fjölskyldu en raun ber vitni. Hér vantar að leggja áherslu á góða málörvun heima. Því innihaldsríkara sem tungumálið er sem börn fá hjá uppalendum sínum (lestur og samræður) þeim mun betri verður málþróun þeirra. Málumhverfi barna á heimilum er mjög mismunandi sem endurspeglast í mismikilli málfærni. Nauðsynlegt er að gefa þessu gaum í stefnu um íslenskt mál því íslenskufærni barna hefur sterk tengsl við námsframvindu þeirra. Mikilvægt er að fræða foreldra um hlutverk þeirra í málþróun barna sinna. Þá er það hlutverk leikskólans og síðar grunnskólans að rétta hlut þeirra barna sem halloka standa á því sviði. Eiginlegri máltöku lýkur við fimm til sex ára aldur. Þá hafa börn lært meginatriði málkerfis og allan grunnorðaforðann. Á máltökualdri hafa börn að jafnaði mun meiri málfarsleg samskipti við foreldra og fjölskyldu en síðar gerist. Því er full ástæða til þess að nefna þennan þátt sérstaklega, annaðhvort með því að bæta við einum lið í kaflann *Menntun og skólastarf* eða nefna foreldra barna og fjölskyldu þeirra í *Vitundarvakning um íslenska tungu*.
5. **Íslenska sem annað mál**
   Í tillögunni og greinargerð er lögð áhersla á mikilvægi þess að börn sem hafa íslensku sem annað tungumáli fái kennslu í eigin móðurmáli sem sé grunnur að því að ná góðum tökum á íslensku. Hér er nokkur einföldun á ferðinni og gera þarf greinarmun á börnum sem fæðast á Íslandi eða flytja til landsins á fyrstu fimm æviárunum og nota annað tungumál en íslensku heima. *Máltaka* þeirra er bæði á móðurmáli og á íslensku. Hins vegar eru það börn sem eru eldri þegar þau flytja til Íslands og þau *læra* íslensku sem annað mál. Rannsóknir benda til þess að hjá ungum tvítyngdum börnum eru tengsl á milli móðurmáls og annars máls óljós, í raun ríki samkeppni á milli málanna (e*. time-on-task competition model*), því meiri tíma og því meiri gæði sem þau fá í öðru málinu þeim mun meiri verða framfarir þeirra í því máli. Tengsl á milli móðurmáls og annars máls eru sterkari hjá eldri börnum, sem eru komin með ákveðna færni í móðurmálinu sem nýtist við tileinkun annarra mála, þ.e. skilning og færni til að nota flókið tungumál. Að því sögðu er tekið undir mikilvægi þess að börn af erlendu bergi fái tækifæri til að beita móðurmáli sínu og fái kennslu og stuðning til þess að skólar og frístundastofnanir byggi á og móti starfsemi sína út frá menningar- og félagsauð barna og fjölskyldna þeirra, óháð bakgrunni, þjóðerni eða félagslegri stöðu. Í kennaranámi þarf að leggja grunn að innsýn og hæfni kennara til að styðja við málþróun tvítyngdra barna og um leiðir til að styðja þau til farsæls námsárangurs og velferðar.
6. **Aðgerðaráætlun um kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku**. Menntavísindasvið tekur eindregið undir þörfina á heildstæðri aðgerðaáætlun um kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku þar sem leiðarljósið er virkt tvítyngi og að nemendur af erlendum uppruna standi jafnfætis jafnöldrum sínum sem hafa íslensku að móðurmáli. Hér er jafnframt bent á mikilvægi þess að styðjast við rannsóknir á þessu sviði, bæði innlendar og alþjóðlegar, sem og að taka mið af sýn og reynslu hagsmunaaðila, þ.e. nemenda, foreldra, kennara og annarra fagaðila. Benda má á þörf fyrir stuðning og sérstaka íslenskukennslu nemenda sem dvalið hafa langdvölum erlendis en hafa alist upp við íslensku á heimili en skortir kunnáttu í ýmsu er lýtur að orðaforða, málnotkun og þekkingu á málkerfi.
7. **Íslenskt táknmál**. Tekið er undir þörfina á því að móta málstefnu um íslenskt táknmál. Sömu lögmál gilda í meginatriðum um máltöku barns á íslensku táknmáli.

Það eru því ríkar ástæður til þess að lýsa því sérstaklega hvernig styðja má foreldra heyrnarlauss barns til þess að leiða máltöku þess. Á sama hátt þarf að huga sérstaklega að íslenskukennslu barna sem alast upp við íslenskt táknmál þannig að þau nái virku tvítyngi íslensku og íslensks táknmáls en það er grunnur að læsi þeirra og almennri menntun. Þá þarf að tryggja aðgengi að menntun í íslensku táknmáli í námi kennara.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Forseti / Dean

Háskóli Íslands / University of Iceland
Stakkahlíð 105, Reykjavík
Beinn sími / Direct tel. +354 525 5965
www.mennta.hi.is

MÍMIR
Vertu meira!

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

149. löggjafarþing 2018–2019
Þingskjal 631 — 443. mál
Stjórnartillaga

Umsögn send til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík, 14. janúar 2019
Sendandi: Mímir-símenntun ehf

Umsögn vegna tillögu frá mennta- og menningarmálaráðherra til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Almennar athugasemdir

Mímir-símenntun fagnar tillögu ráðherra mennta- og menningarmála um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Í umsögn sinni mun Mímir sérstaklega horfa til þess í tillögu ráðherra sem snýr að innflytjendum enda er gríðarleg þekking hjá Mími á því að kenna innflytjendum íslensku. Hjá Mími hafa verið haldin íslenskunámskeið fyrir fullorðna innflytjendur í hartnær 20 ár. Framkvæmd námskeiðanna er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti en úthlutað er samkvæmt árlegum umsóknum og uppgjöri á fjölda námskeiða og nemenda.

Eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími hefur aukist undanfarin ár og síðustu tvö ár hafa samtals um 2800 nemendur lokið námi hjá Mími.

Ekkert lát virðist ætla að verða á eftirspurninni sem hefur aukist stöðugt síðustu ár, hvort sem er frá einstaklingum eða vinnustöðum. Þessi þróun helst í hendur við þá aukningu á hlutfalli erlends vinnuafls á Íslandi sem eykst hratt á milli ára eins og mynd og tölur frá ASÍ sýna:

> „Aukin eftirspurn eftir starfsfólki í ferðaþjónustu og byggingariðnaði hefur kallað á aðflutning erlends starfsfólks hingað til lands í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Árið 2017 var fjöldi erlendra ríkisborgara sem fluttust til Íslands umfram þá sem fluttust héðan í sögulegu hámarki og nú er talið að erlent launafólk sé a.m.k. 12-13% launafólks á Íslandi." (Skýrsla ASÍ: *Íslenskur vinnumarkaður*, mars 2018).

Á sama tíma og það er fagnaðarefni hve margir aðfluttra vilja læra móðurmál okkar Íslendinga til að eiga þess betri kost að aðlagast íslensku samfélagi – og að sama skapi hve margir vinnustaðir eru tilbúnir til að styðja erlent vinnuafl sitt til íslenskunáms (oftar en ekki á vinnutíma), er það mikið áhyggjuefni að úthlutað fjármagn frá ríkinu til málaflokksins haldist ekki í hendur við fjölgun útlendinga á Íslandi.

Á milli tvö og þrjú þúsund innflytjendur heimsækja Mími á ári hverju til að sækja sér nám og ráðgjöf og/eða þreyta próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur því sérstöðu hvað þetta varðar enda ekki vitað til þess að annar eins fjöldi innflytjenda sæki sér slíka þjónustu hjá öðru fyrirtæki eða stofnun á Íslandi.

Vænlegt væri að horfa til Norðurlandanna um móttöku innflytjenda, skilyrði um að læra tungumálið, aðgengi að námi við hæfi, fjölbreyttum námstækifærum og tengslum við atvinnulífið hvað varðar aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Í þeirri aðlögun má skipulögð samfélagsfræðsla og aðgengi að upplýsingum ekki gleymast, en oft er tilviljunum háð hvernig og hvaða upplýsingar um réttindi, skyldur og þjónustu innflytjendur búa yfir.

Nauðsynlegt er að kveða á um námskrá og rétt innflytjenda til íslenskukennslu í lögum til þess að gera hóp innflytjenda sýnilegan í menntakerfinu og tryggja rétt þeirra til íslenskukennslu.

Viðmið um gæði fræðslu þurfa að vera skýr og fræðsluaðilar að uppfylla gæðakröfur um fræðslu sbr. önnur skólastig. Meðal annars þarf að horfa til þátta eins og stjórnunar, aðstöðu, mannauðs, upplýsingagjafar, námsframboðs og kennslu, námsmats, líðan nemenda og starfsfólks, varðveislu gagna, sjálfsmats, meðferð kvartana og lykilárangurs. Þá þykir nauðsynlegt að fræðsluaðilar skrái helstu upplýsingar um námsstöðu og námsárangur í *samræmdan gagnagrunn* til að auðvelda úrvinnslu, tölfræði og mat á námi milli skóla. Þá þurfa nemendur að geta nálgast námsferil sinn í gegnum island.is.

3. grein. Íslenska sem annað mál

Auk þess að skapa fjölbreytt tækifæri til íslenskunáms og tryggja stuðning við þarfir þurfa að vera námskeið í boði við hæfi ólíkra nemendahópa. Samsetning innflytjenda hefur breyst afar mikið á undanförnum árum og fleira fólk þarf sérhæfðara íslenskunám í minni hópum og lengri tíma til að ná tökum á náminu. Fjárframlög til málaflokksins þurfa að taka mið af þessari staðreynd.

Tekið er undir nauðsyn þess að hvetja til jákvæðrar umræðu um aukið umburðarlyndi gagnvart íslensku af ýmsum toga hvað varðar framburð og málnotkun. En það er einnig nauðsynlegt að hvetja fólk og sérstaklega það sem starfar við þjónustu og mótttöku að nota íslensku í samskiptum.

Í tengslum við íslensku sem annað mál fyrir fullorðna innflytjendur þarf að þróa fleiri tækifæri til hagnýts starfstengds náms þar sem fléttað er saman námi í íslensku og starfstengdu námi, jafnvel með tækifæri á starfsþjálfun í framhaldi þar sem áfram væri unnið að því að þjálfa íslensku á vinnustaðnum sem hluta af náminu.

6. grein. Starfsþróun kennara

Hvað varðar *starfsþróun kennara* verður að huga sérstaklega að kennurum sem kenna fullorðnum innflytjendum. Meirihluti þeirra eru verktakar og því erfitt um vik fyrir fræðslustofnanir að ganga að starfskröftum þeirra sem vísum eða gera kröfur um endurmenntun. Símenntunarstöðvar hafa ekki tök á að sinna slíkri starfsþróun án stuðnings hins opinbera. Vert er að taka fram að á Norðurlöndunum geta kennarar sérhæft sig í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda og eru fastráðnir sem slíkir hjá skólum.

Það er mikil þörf á að koma á slíku kerfi hér á landi. Ekki síst til að auka fagmennsku og gæði, fá tækifæri til að auka notkun tækni í kennslu og þróa áfram nýjar og áhrifaríkar kennsluaðferðir. Samsetning nemendahópa hefur breyst og fjöldi fólks sem hefur litla sem enga menntun, er illa statt í lestri/ólæst á latneskt letur, hefur aukist. Slíkur nemendahópur þarf aðra nálgun og sérhæfðara nám og til að sinna því vel þurfa kennarar menntun og þjálfun.

8. grein. Kennsla á íslensku

Fyrir nemendur af erlendum uppruna á framhaldsskólastigi þarf að huga að tengingu íslenskunáms og starfsnáms á sama tíma auk aukinnar námsaðstoðar til að koma í veg fyrir brottfall.

9. grein. Stafrænt námsefni

> „Settur verði hæfnirammi um íslenskunám innflytjenda og viðeigandi námsleiðir þróaðar með auknu framboði námskeiða og námsefnis á öllum stigum. Samhliða verði útbúið rafrænt matskerfi til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku."

Það er fagnaðarefni að ráðherra leggi áherslu á að skilgreina hæfni fyrir íslenskunám innflytjenda með sérstökum *hæfniramma* þess efnis. Með því má auka samræmi hjá fræðsluaðilum í framboði námskeiða og mati á árangri.

> „Til skoðunar er hlutverk ríkisins í námsgagnaútgáfu, hlutverk Menntamálastofnunar, aðkoma sveitarfélaga og einkaaðila, lög um námsgögn, nr. 71/2007, námsgagnasjóður og þróunarsjóður námsgagna. Einnig hefur verið hugað að þróun námsgagna fyrir leikskólastig, framhaldsskólastig, tónlistarskóla og framhaldsfræðslu. Áætlað er að þessari endurskoðun ljúki á árinu 2019. Í stefnumótunarvinnu á sviði námsgagna er lögð áhersla á að nemendur á öllum skólastigum hafi aðgengi að fjölbreyttu og vönduðu stafrænu námsefni á íslensku á sem flestum námssviðum. Stafrænt námsefni á íslensku þarf að standast samanburð við það sem best gerist á öðrum tungumálum og vera þannig úr garði gert að það veki áhuga á íslenskum veruleika og íslenskri tungu. Sjóðakerfi á vegum ríkisins verði eflt í þessu skyni (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2012 og Skýrslu starfshóps um bókmenningarstefnu 2017)."

Námsefni fyrir málaflokkinn þarfnast endurskoðunar og skoða mætti aukna fjölbreytni í framboði námsefnis, sérstaklega með tilliti til tækni. Sérstaklega þarf að huga að efni sem nýtist nemendahópum sem þurfa sérhæfð úrræði og lengra nám til að ná grunntökum í íslensku.

Erlent starfsfólk er stór hluti af íslenskum vinnumarkaði. Námsefni sem gerir ráð fyrir blöndu af staðnámi á vinnustað með kennara og sjálfsnámi gegnum rafræna miðla er einnig þörf fyrir.

Þá er einnig þörf á sérstökum *sjóði* fyrir fræðsluaðila að sækja um í, til að þróa efni, aðferðir og nám fyrir fullorðna innflytjendur sem búa á Íslandi.

10. grein. Íslenskunám fullorðinna innflytjenda

Það er mikið fagnaðarefni að ráðherra mennta- og menningarmála telji ástæðu til að auka fjármagn til málaflokksins:

> „Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir nú fræðsluaðilum um 120 m.kr. styrk á ári til íslenskukennslu fullorðinna innflytjenda, með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum. Þessi upphæð hefur ekki hækkað til samræmis við fjölgun innflytjenda og er mikilvægt að breyting verði þar á."

Nauðsynlegt er að auka framlög til íslenskukennslu útlendinga, sem sættu miklum niðurskurði árið 2010 sem ekki hefur verið bættur að fullu síðan.

Áréttað er að íslenskunám fullorðinna innflytjenda þarf að vera við hæfi og taka mið af bakgrunni fólks og ólíkum þörfum. Gera þarf fólki mögulegt að stunda nám, hvort sem það er heimavinnandi með börn, í atvinnuleit, í endurhæfingu eða í starfi. Námið þarf að uppfylla gæðakröfur, vera markvisst og aðlaðandi. Til þess þarf tryggt fjármagn, sveigjanleika, gott skipulag og góða kennslu.

> „Aðlaga þarf nám, námsgögn og námsmat að rafrænu umhverfi, t.d. með því að smíða rafrænt matskerfi svo innflytjendur geti metið hæfni sína í íslensku. Sú tillaga er í samræmi við aðgerð í fjármálaáætlun 2019–2023 þar sem fram kemur að eitt meginmarkmið sé skilgreint sérstaklega fyrir málaflokkinn, þ.e. að auðvelda fullorðnu fólki sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að afla sér menntunar og starfsréttinda. Í því sambandi er sett fram aðgerð sem felst í því að þýða og aðlaga evrópskt rafrænt matstæki fyrir grunnleikni í íslensku, stærðfræði, ensku og upplýsingatækni (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2015)."

Mímir hefur nú þegar lagt grunninn að *rafrænu matskerfi* til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku. Æskilegt er að slíkt matskerfi verði staðlað milli fræðsluaðila.

Margir innflytjendur starfa ekki við það sem þeir eru með menntun til. Einungis brot af þeim sem starfa hér á landi hafa sótt um *viðurkenningu* á sinni menntun. Nauðsynlegt er að auka upplýsingagjöf um möguleika á viðurkenningu menntunar og æskilegt að innflytjendur geti leitað til sérstakra þjónustumiðstöðva sem liðsinna þeim við úrlausn ýmissa mála þar sem reynir á tungumálakunnáttu í samskiptum við stjórnvöld, til dæmis er þeir vilja sækja um viðurkenningu á menntun sinni frá heimalandinu.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um rétt innflytjenda til *raunfærnimats* í þeim tilgangi að gera menntun þeirra sýnilega. Í raunfærnimati reynir á tungumálakunnáttu og það hefur takmarkað möguleika innflytjenda á að nýta sér þessa þjónustu. Því þurfa stjórnvöld að leita leiða til þess að gera raunfærnimat að vænlegum kosti fyrir fólk sem talar önnur tungumál en íslensku, t.d. með öflugri *túlkaþjónustu* eða með því að tengja íslenskukennslu því sérsviði sem menn hafa aflað sér menntunar til. Þörf er á að bjóða upp á nám samfélagstúlka til þess að byggja upp þann mannauð sem getur komið að liði hér. Mímir hefur, í samstarfi við hagsmunaaðila, hæfnigreint starf samfélagstúlka og vinnur nú að gerð námskrár

samfélagstúlka í samræmi við niðurstöður greiningarinnar. Leitast verður við að fá vottun Menntamálastofnunar á námskrána.

Námskrár í íslensku fyrir útlendinga eru frá 2008 og 2010. Þörf er á endurskoðun þeirra og jafnframt að huga að lagalegri stöðu þeirra. Íslenskukennsla útlendinga er hluti af vernd íslenskrar tungu og því mjög svo málefni stjórnvalda og mikilvægur hluti af því að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Fyrir hönd Mímis-símenntunar,

Sólveig Hildur Björnsdóttir

Sólveig Hildur Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri
Mímir-símenntun

Umsögn stjórnar Rithöfundasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, þingskjal 631, 443. mál.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands fagnar tillögunni og styður meginmarkmið hennar um að efla íslenskuna á öllum sviðum. Engu að síður undrast stjórn RSÍ fjarveru höfunda og gildi skrifa á íslensku í tillögunni. Íslenskir höfundar, hvort sem þeir skrifa bækur, leikverk, handrit fyrir sjónvarp, kvikmyndir eða annað efni, skrifa fyrir örmarkað þar sem jafnvel höfundalaun metsölubóka ná vart lágmarkslaunum. Eigi íslenskar bókmenntir sem ein af undirstöðum íslenskrar tungu að geta blómstrað verður höfundum að vera kleift að hafa skrif að aðalatvinnu.

Stjórn RSÍ telur afar mikilvægt að styðja betur við höfunda og helsta leiðin til þess er að efla starfslaunasjóð rithöfunda, fjölga þeim mánuðum sem eru til skiptanna, hækka launagreiðslurnar og skilgreina starf rithöfunda sem fullt starf en ekki 2/3 eins og nú er. Þeir styrkir sem tilgreindir eru til bókmennta í tillögunni virðast eingöngu ætlaðir útgefendum.

Stjórn RSÍ hvetur allsherjar- og menntanefnd Alþingis til að gefa höfundum meira vægi í tillögunni, t.d. með því að leggja til að launasjóður höfunda verði efldur og aðgerðir sem tryggi að höfundar fái almennt greitt fyrir vinnu sína og not og birtingu á verkum sínum en töluverður misbrestur er á slíku. Þá leggur stjórnin til að styrkari stoðum verði skotið undir ýmis verkefni sem ætlað er að auka áhuga á tungumálinu, lestri og bókmenntum. Má þar til dæmis nefna verkefnið Skáld í skólum þar sem höfundar heimsækja skólana til að fjalla um bókmenntir frá ýmsum hliðum og RSÍ hefur annast frá árinu 2006.

Auk þess gerir stjórn RSÍ athugasemdir við einstaka liði tillögunnar, númer vísa til skýringa við hverja grein í greinargerðinni.

4. Skólabókasöfn:

Mikilvægi skólabókasafna er ekki hægt að ofmeta. Þrátt fyrir ákvæði um bókasöfn í lögum um grunn- og framhaldsskóla er víða pottur brotinn í þeim efnum. Sum skólasöfn eru til fyrirmyndar en opnunartími er takmarkaður hjá öðrum, faglegt starf skortir algjörlega og aðföng byggjast einkum á gjafabókum frá heimilum nemenda og innkaupum á nytjamörkuðum. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur hefur verið hér á landi eiga börn rétt á bókum er endurspegla samtíma þeirra og uppruna. Þá teljum við rétt að huga einnig að bókakosti leikskóla og að honum sé viðhaldið. Á hinum Norðurlöndunum er litið á innkaup hins opinbera fyrir bókasöfn, einkum skólasöfn, sem lið í stuðningi við bæði höfunda og útgefendur. Hér er þessu öfugt farið og má segja að útgefendur (og þar með höfundar) styrki hið opinbera með því að bjóða bókasöfnum og skólum að kaupa bækur á afslætti á sérstökum degi á árlegum bókamarkaði Félags íslenskra bókaútgefenda.

GUNNARSHÚSI, DYNGJUVEGI 8, 104 REYKJAVÍK • SÍMI: 568 3190 • FAX: 568 3192
rsi@rsi.is • www.rsi.is

16. Almenningsbókasöfn:

Stjórn RSÍ tekur undir mikilvægi almenningsbókasafna í nútímasamfélagi.
Við viljum benda á að nokkur misbrestur hefur verið á að bókasöfn greiði höfundum fyrir notkun, upplestur og sýningu á höfundaréttarvörðu efni, t.d. vegna upplesturs úr verkum fyrir börn sem þó er opinber birting. Við teljum lag að nýta þetta tækifæri til að gera bragarbót á þessu.

21. Íslenskt táknmál:

Bækur íslenskra höfunda, einkum barnabækur, hafa verið þýddar á táknmál í rafbókarformi án þess að höfundar fái umbun fyrir. Mun fleiri bækur þurfa að komast á þetta form og gríðarlega mikilvægt að þau sem nota íslenskt táknmál fái bækur við hæfi og hafi aðgang að nýjum og góðum íslenskum bókum eins og önnur börn. Eðlilegt væri að höfundar verkanna fengju greiðslur fyrir slíkar útgáfur, líkt og þeir fá þegar bækur þeirra eru lesnar sem hljóðbækur hjá Hljóðbókasafni Íslands en svo er ekki.

Við vekjum athygli á að hvergi er vikið að íslensku leikhúsi í tillögunni. Í upphafi var Þjóðleikhúsið kallað musteri íslenskrar tungu og því er ekki gott að það skuli algjörlega gleymast í þessari umræðu, frekar en önnur leikhús í landinu. Þörfin fyrir íslensk leikrit leikin á íslensku er ekki síður knýjandi en aðrar greinar ritlistar ef okkur er alvara í að standa vörð um íslenska tungu. Til dæmis má nefna að íslenskar barnasýningar eru gríðarlega mikilvægur þáttur í menningarlegu og málfarslegu uppeldi. Við þurfum að styðja íslensk leikskáld til ritunar verka um íslenskan veruleika og einnig þau leikhús sem vilja gera íslenskri leikritun hátt undir höfði.

Reykjavík 14. janúar 2019

Karl Ágúst Úlfsson
formaður Rithöfundasambands Íslands

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Þingskjal 631 — 443 mál
Sendandi: Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri f.h. RÚV

Ríkisútvarpið fagnar tillögunni og styður að Alþingi stuðli að því að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.
Athugasemdir lúta einkum að kafla II. Aðgerðaáætlun 2019-2022.

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík
Sími: 515 3000

1. *Íslenskunám fullorðinna innflytjenda.*
Við íslenskukennslu innflytjenda eru miklir möguleikar fólgnir í því að tengja saman máltækni og fjölmiðla. Sem dæmi má nefna að hægt er að ná til fleira fólks með minni tilkostnaði með því að nýta máltækni og fjölmiðla. Þar getur RÚV t.d. gegnt mikilvægu hlutverki. Við leggjum því til að textinn í þessum kafla verði svohljóðandi:

> Settur verði hæfnirammi um íslenskunám innflytjenda og viðeigandi námsleiðir þróaðar með auknu framboði námskeið og námsefnis á öllum stigum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig nýta má máltækni og fjölmiðla til að ná til sem flestra. Samhliða verði útbúið rafrænt matskerfi til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku.

2. *Innlend dagskrárgerð.*
Það sem er einna mikilvægast til að efla íslenska tungu er að tryggja samfellu í málinu og að nýjar kynslóðir taki við henni. Við söknum þess að ekki er minnst á stafrænt afþreyingarefni fyrir börn, unglinga og ungt fólk í ályktuninni. Þessir hópar sækja nú stóran hluta af afþreyingu sinni í erlendar efnisveitur. RÚV hefur stóraukið framleiðslu á innlendu efni fyrir þessa aldurshópa á undanförnum árum en það þarf að viðurkenna mikilvægi þess og stuðla að enn aukinni framleiðslu og dreifingu ásamt því að vekja áhuga markhópanna á efninu. Jafnframt er ekki nóg að tilgreina eingöngu ljósvakamiðla þarna því að dagskrárgerð fyrir vef fer sífellt vaxandi. Við leggjum því til að textinn í þessum kafla verði svohljóðandi (viðbætur undirstrikaðar):

> Innlend dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla og vef verði efld og aðgengi tryggt að fjölbreyttu efni á íslensku. Sérstaklega verði hugað að framleiðslu og dreifingu á innlendu útvarps-, sjónvarps- og vefefni ætlað börnum, unglingum og ungu fólki.

ruv.is

Að lokum fögnum við því brautargengi máltækni verði tryggt. Framfarir í máltækni stuðla til dæmis að því að hægt verður að einfalda ferlið við birtingu skjátexta með beinum útsendingum í sjónvarpi og á vef. Skjátextar á íslensku gagnast stórum hópum landsmanna, þar á meðal heyrnarlausum og heyrnarskertum, fólki sem farið er að tapa heyrn t.d. vegna aldurs og fólki sem er að læra íslensku.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. janúar 2019

1901028SA VÓHS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál - 149. löggjafarþing

Fram er komin þingsályktunartillaga frá mennta- og menningarmálaráðherra um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Umsagnabeiðnir voru sendar frá allsherjar- og menntamálanefnd til 194 aðila, þar á meðal sveitarfélög en engin umsagnabeiðni barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Af því tilefni er rétt að vekja athygli nefndarinnar á að sambandið er málsvari sveitarfélaga í landinu og gætir sameiginlegra hagsmunamála þeirra samkvæmt 1. mgr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Almennt um efni tillögunnar

Alþingi ályktar að unnin verði aðgerðaáætlun til þriggja ára í víðtæku samstarfi, með það fyrir augum að tryggja að íslenskan verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags en íslenska málsamfélagið er eitt það fámennasta í veröldinni. Ákveðnar blikur eru á lofti er varðar þróun og framtíð íslenskunnar en samkvæmt PISA-rannsóknum fer lestrarfærni og lesskilningur íslenskra nemenda hrakandi, nemendum með annað móðurmál en íslensku vegnar verr í íslensku skólakerfi, lægra hlutfall þeirra hefur framhaldsskólanám að loknum grunnskóla og umtalsvert lægra hlutfall lýkur því námi. Framboð á afþreyingarefni á ensku hefur aukist en að sama skapi hefur bókalestur minnkað umtalsvert. Áskoranirnar eru margar sem þarf að nálgast úr ólíkum áttum og á fjölbreyttan hátt. Þingsályktunin leggur því til 22 aðgerðir sem snerta flestar hliðar þjóðlífsins.

Ábendingar sambandsins við þingsályktunartillöguna

Sambandið telur það mjög jákvæða aðgerð að efla íslenskukennslu á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara og að menntakerfið verði styrkt svo það verði fært um að takast á við fjöltyngdan og fjölmenningarlegan nemendahóp. Kennarar eru lykilaðilar í því að vekja áhuga nemenda á íslensku máli á sama hátt og foreldrar og forráðamenn eru lykilaðilar í að vekja áhuga þeirra á upprunatungumáli[1] þeirra.

Sambandið tekur því undir þá aðgerð að í kennaramenntun sé lögð aukin áhersla á íslenskukennslu kennaranema. Það sé hins vegar varhugavert að gera leik- og grunnskóla ábyrga fyrir því að styrkja og viðhalda þeim fjölmörgu upprunatungumálum barna sem eiga íslensku sem annað tungumál. Ýmsir fræðimenn, og nú nýverið Elín Þöll Þórðardóttir, prófessor í talmeinafræði við

[1] Lagt er til í ljósi þróunar undafarinna ára, aukins fólksflótta og -flutninga milli landa að réttara væri að tala um upprunatungumál en móðurmál því ekki er víst að börn læri það.

McGill háskóla í Kanada[2], telja að virkt tvítyngi sé ekki raunhæf nálgun á máltöku og málanám barna með annað upprunatungumál, þ.e. að þau geti orðið jafnvíg á þau bæði, alist þau eingöngu upp í íslensku málumhverfi. Hins vegar megi með aukinni áherslu á íslenskunám þeirra og notkun gera þau jafnvíg á íslensku þeim nemendum sem eiga íslensku að móðurmáli. Dr. Elín Pöll leggur ríka áherslu á það að nemendur með annað upprunatungumál en íslensku fá aukna íslenskukennslu til viðbótar við þá sem býðst í almennri stundaskrá. Ekki eigi að einangra þá frá íslenskum nemendum með því að taka úr tímum þar sem gefast tækifæri til að hlýða á og tjá sig á íslensku með formlegum, en ekki síður óformlegum, hætti (nefndi verklega tíma í því samhengi) til íslenskunáms eða til að viðhalda upprunatungumáli sínu. Sambandið telur afar mikilvægt að tekið sé mið af niðurstöðum rannsókna fræðimanna við útfærslu þingsályktunartillögunnar til þess að auka líkur á að tillögur verði bæði raunhæfar og framkvæmanlegar.

Í 3. aðgerð þingsályktunartillögunnar, nánar tiltekið í fjórðu efnisgrein, segir: *„Móðurmál er undirstaða annars tungumálanáms og því þarf að vinna markvisst að því að viðhalda og styrkja móðurmál barna í íslensku málumhverfi, svo sem leik- eða grunnskóla. Sé það ekki gert getur það haft neikvæð áhrif á þróun lestrarfærni þeirra og námsframvindu í íslensku sem öðru máli sem og tungumálanámi almennt.“* Það er mat sambandsins að hér sé um of stórar fullyrðingar að ræða sem ekki eru studdar rannsóknum og ljóst að skoðanir eru skiptar í hópum fræðimanna. Ekki hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að þekking á upprunatungumáli sé grundvöllur náms í öðru tungumáli. Meira máli skipti sú kennsla og áhersla sem lögð er á að kenna nýtt tungumál. Sú fullyrðing sem hér er sett fram og þær ályktanir sem af henni eru dregnar varðandi þróun lestrarfærni, námsframvindu og áhrif á tungumálanám almennt er því, að áliti sambandsins, ekki rökstutt með nægjanlegum hætti. Að því sögðu vill sambandið draga úr þeirri áherslu sem hér kemur fram, að leik- og grunnskólar verði gerðir ábyrgir fyrir að viðhalda upprunatungumáli nemenda í skólakerfinu. Til þess þyrfti faglegri rök fyrir orsök og afleiðingu. Er þessi gagnrýni samhljóða þeirri sem m.a. sérfræðingar hjá Miðju máls og læsis hjá Reykjavíkurborg og nýbúaráðgjafi Jöfnunarsjóðs, hafa sett fram.

Að áliti sambandsins, þurfi jafnframt og samhliða, að skilgreina þá þætti sem snúa að ábyrgð skólasamfélagsins á því að kenna íslensku og ábyrgð foreldra og forráðamanna á að viðhalda upprunatungumáli barna sinna. Því er mikilvægt að hið opinbera viðurkenni það frumkvöðlastarf sem unnið hefur verið á vettvangi frjálsra félagasamtak (sbr. Samtökin móðurmál og Pólski skólinn) með því að fjármagna það starf, formgera og samþætta skipulögðu skólastarfi svo tryggt verði að öll börn óháð búsetu hafi aðgang að slíkum úrræðum.

Sambandið vill jafnframt vekja athygli á stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd og tillögum sem starfshópur skilaði nýverið til menntamálaráðherra um skólagöngu þeirra.

Í 6. aðgerð um starfsþróun kennara er brýnt að undirstrika að íslenskukennsla er verkefni allra kennara og mikilvægt að kennurum á öllum skólastigum sé það ljóst. Því er þýðingarmikið að grunnmenntun kennara taki mið af því auk þess sem starfsþróunarkostir gefi kennurum tækifæri til að efla sig sem kennara í íslensku

---

[2] Viðtal við dr. Elínu Pöll Þórðardóttur í Silfrinu 13. jan. 2019 (38. mínútu) http://www.ruv.is/sjonvarp/spila/silfrid/25791?ep=89m6a1&fbclid=IwAR1dkXkyTmfR6DPsz3Sgp_g0Zz1OY5YoOj5y9u8iknnByAn-vye2J9Sm8Ns

sem annars tungumáls. Tekur sambandið því heils hugar undir mikilvægi þess að útfæra þurfi stoðkerfi sem styður við starfsþróun kennara í því skyni og brýnt að styðja vel við störf samstarfsráðs um starfsþróun kennara og stjórnenda svo af því megi verða. Í því samhengi þarf að efla starfsþróunarsjóði eins og endurmenntunarsjóði skólastiganna og Sprotasjóð.

Í aðgerð 9 um stafrænt námsefni er m.a. rætt um þróun námsgagna fyrir leikskólastig og þörf á að efla sjóðakerfi á vegum ríkisins á sviði námsgagna. Undir það tekur sambandið af heilum hug en vekur, í því samhengi, athygli á þeirri þróun sem orðið hefur á framlögum til Námsgagnasjóðs sem árið 2007 nam 100 m.kr. en einungis 59,8 m.kr. árið 2018. Framlög til Þróunarsjóðs námsgagna hafa því miður einnig minnkað ár frá ári. Árið 2008 námu úthlutanir 56,5 milljónum en 2018 voru þær komnar niður í 52 milljónir. Afar þýðingarmikið er að efla þessa sjóði umtalsvert svo unnt verði að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar.

Lokaorð

Í ljósi þess að hér er um aðgerðaáætlun að ræða saknar sambandið þess að einstaka liðir séu tímasettir og kostnaðarmetnir og að tilgreindir séu ábyrgðar- og samstarfsaðilar líkt og sjá má í 17. lið hennar, sem fjallar um Máltækni - stafræna framtíð tungunnar. Leggur sambandið því ríka áherslu á að við frekari útfærslu aðgerðaáætlunarinnar verði öllum liðum hennar gert jafnhátt undir höfði hvað þetta varðar. Við einstaka tillögur er tilgreint hlutverk Menntamálastofnunar við að fylgja þeim efir. Í því samhengi er afar þýðingarmikið að framhald verði á störfum læsisteymis og læsisráðgjafa MMS, sem sett var upp sem tímabundið verkefni til að fylgja eftir Þjóðarsáttmála um læsi. Störf þeirra og ráðgjöf hafa reynst sveitarfélögum afar vel.

Sambandið undirstrikar mikilvægi þess að aðgerðaáætlunin verði unnin í víðtæku samstarfi og að fram fari sérstakt mat á áhrifum aðgerða á fjárhag sveitarfélaga, með vísan til 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög.

Að öllu framangreindu virtu, þá telur sambandið að nauðsynlegt sé að tryggja að tungumálið verði áfram notað á öllum sviðum íslensks samfélags og að allir sem búsettir eru á Íslandi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

sviðsstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.01. 2019

Umsögn um Þingskjal 631 - 443. mál: Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Höfundar þessarar umsagnar störfuðu í orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands á árunum 1978 til 2013. Þá hefur einn okkar starfað í orðanefnd Stjarnvísindafélags Íslands frá 1990 og annar starfaði í orðanefnd á vegum Líftölfræðifélagsins og Aðgerðarannsóknafélags Íslands á árunum 1987 til 1990. Þessi umsögn fjallar því um orðanefndir og störf þeirra.

Í fyrsta kafla þingsályktunartillögunnar, ***Helstu markmið***, segir m.a.: "Íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins." Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að efla orðaforða íslenskunnar á ýmsum sviðum. Í öðrum kafla, **Aðgerðaáætlun 2019-2022**, er grein um opið aðgengi almennings að orðasöfnum og önnur grein um orðanefndir. Ekkert af þessu mun koma til framkvæmda nema því fylgi skipulag og fjármagn.

Fljótlega eftir stofnun Skýrslutæknifélags Íslands var hafist handa um að safna íslenskum orðum um tölvur og gagnavinnslu og þýða erlend orð. Í þessu skyni var stofnuð orðanefnd á vegum félagsins árið 1968. Árið 1974 gaf nefndin út sem handrit tölvuprentaðan orðalista, *Skrá yfir orð og hugtök varðandi gagnavinnslu*, en nefndin hafði áður sent frá sér stutta óformlega orðaskrá.

Á tímabilinu frá 1978 til 2013 störfuðu í nefndinni þau Baldur Jónsson, Sigrún Helgadóttir (formaður), Þorsteinn Sæmundsson og Örn Kaldalóns. Þessi samstarfshópur tók saman efni í fjórar útgáfur *Tölvuorðasafns*. Fyrsta útgáfan var gefin út 1983 og hafði að geyma rösklega 700 hugtök með tæplega 1000 íslenskum heitum og rösklega 1000 enskum heitum. Engar skilgreiningar eða skýringar fylgdu hugtökunum. Fjórða útgáfan var gefin út 2005. Þá voru hugtökin orðin um 6500 og þeim fylgdu um 7700 íslensk heiti og um 8500 ensk heiti. Skilgreiningar og skýringar fylgdu eins og áður flestum hugtökum. Ritstjóri var Stefán Briem. Fimmta útgáfa Tölvuorðasafns birtist vorið 2013. Sú útgáfa er rafræn og aðgengileg til leitar á vefsetrinu http://tos.sky.is/. Þar má finna frekari upplýsingar um orðanefndina og útgáfur Tölvuorðasafnsins.

Orðanefnd Stjarnvísindafélags Íslands var stofnuð í desember 1990. Nefndarmenn hafa lengst af verið þrír, en fleiri félagsmenn hafa tekið þátt í starfinu. Árið 1996 gaf nefndin út Orðaskrá úr stjörnufræði. Síðan hafa viðbætur við skrána birst á vefsíðu Almanaks Háskólans (http://almanak.hi.is/stjornuord.html)

Orðanefnd á vegum Líftölfræðifélagsins og Aðgerðarannsóknafélags Íslands var stofnuð árið 1987. Nefndarmenn voru fjórir og undirbjuggu til útgáfu Lítið orðasafn úr tölfræði 1988 og Orðasafn úr tölfræði 1990.

Það er reynsla okkar af orðanefndarstarfi að miklu máli skipti að nefndirnar hafi starfsmann sem vinnur á milli funda, undirbýr efni fyrir fundina og býr efnið til útgáfu eða annarrar dreifingar. Á vegum stjórnar Skýrslutæknifélagsins var aflað fjár til þess að greiða kostnað við ritstjórn orðasafnsins eftir fyrstu útgáfu. Styrkir fengust frá Lýðveldissjóði, Málræktarsjóði, Ráðgjafanefnd um upplýsinga- og tölvumál, menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og einnig frá fyrirtækjum og stofnunum. Lista yfir styrkveitendur má finna á vefsetrinu. Menn geta ímyndað sér hversu mikil vinna liggur í að afla allra þessara styrkja. Mjög fáar orðanefndir hafa bakhjarla sem geta ráðist í það verkefni. Eini sjóðurinn sem hefur það verkefni að styðja orðanefndarstarf er Málræktarsjóður sem hefur haft mjög lítið fjármagn til úthlutunar.

Höfundar umsagnarinnar styðja framkomna þingsályktunartillögu en leggja höfuðáherslu á nauðsyn þess að tillögunni fylgi skipulag og fjármagn til þess að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Sigrún Helgadóttir (kt. 110545-2319. s: 864 7575)

Þorsteinn Sæmundsson

Örn S. Kaldalóns

Tillaga til þingsályktunar

um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Umsögn stjórnar SÍUNG - Samtaka barna- og unglingabókahöfunda á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, þingskjal 631, 443. mál.

Stjórn SÍUNG fagnar þessari tillögu og styður meginmarkmið hennar. Það er afar ánægjulegt að sjá áhuga ráðherra og stjórnvalda á framgangi íslenskunnar.

Við teljum þó að hér sé of varlega farið og söknum þess að ekki sé meiri áhersla á ritstörf og þá sem skrifa. Það má ganga lengra í þeim málaflokkum sem snúa að okkur og taka ákvarðanir sem munu standa og fjármunir fylgja.

Til útskýringar á afstöðu okkar er rétt að taka eftirfarandi fram:

Við sem förum fyrir hópi barna- og unglingabókahöfunda vitum að við erum fulltrúar fyrir langþreyttan hóp. Þetta er hópur sem berst fyrir framgangi íslenskunnar á hverjum einasta degi með kjafti, klóm og lyklaborði án þess að fá verðskuldað laun eða virðingu fyrir. Staðan er sú að ekkert okkar getur lifað á því að skrifa barna- eða ungmennabækur, ekki einu sinni þau okkar sem verma efstu sæti metsölulista ár eftir ár. Þeir sem stjórna bókmenntaumræðunni líta síðan niður á verk okkar og finnst þau ekki vera hluti af bókmenntaumræðu, -þróun eða -mikilvægi. Það kristallaðist þegar Guðrún Helgadóttir átti rithöfundaafmæli og ákveðinn bókmenntaþáttur í sjónvarpi sá ekki ástæðu til að fjalla um það. Það var skandall sem enginn hneykslaðist á nema við.

Fleira má telja til eins og þá staðreynd að okkar fólk fær síður ritlaun frá þar til bærum sjóði, umfjöllun um barnabækur er lítil og við erum skikkuð til að gefa vinnu okkar eins og hjá Hljóðbókasafninu þar sem bækur okkar eru mikið notaðar án þess að eðlilegt afgjald sé greitt. Skólar sækjast einnig eftir því að fá höfunda í heimsókn en það getur verið mikið streð fyrir höfunda að fá greitt fyrir þá vinnu.

Í okkar huga er það dagljóst að ef á að berjast fyrir framgangi íslenskunnar eru barna- og unglingabækur og afþreyingarefni í ljósvakamiðlum og á netinu lykillinn að árangri. Því er það okkar skoðun að það þarf að bæta aðstöðu okkar hóps og vinna með okkur. Því þrátt fyrir allt eru barna- og unglingabókahöfundar alltaf í bardagahug þegar að kemur að baráttunni um framtíð íslenskunnar.

1. Vitundarvakning um íslenska tungu.

Þetta er frábært. En hér stendur að að leitað verði að víðtæku samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Af hverju ekki að byrja á því að hafa samstarf við þjóðina sjálfa og efna til samkeppni sem allir landsmenn geta tekið þátt í um slagorðið? Þessi tenging við íþróttir („Áfram íslenska“) gæti komið

aðeins of seint auk þess sem við eigum að geta búið til slagorð sem stendur eitt og sér. Þetta mál á að vera það stórt og spennandi að slagorðið á ekki að þurfa stuðning frá íþróttum.

2. Mikilvægi læsis.

Mikilvægi læsis er engum dulið. Þetta er lykilatriði. Takk.

Hér er nefnt að rithöfundar eigi að vera með virka aðkomu að þessu máli. Enn vitum við barna- og unglingabókahöfundar þó ekki alveg hvernig okkar aðkoma á að vera. Við erum hins vegar meira en til í að heimsækja skóla allan ársins hring, ekki bara fyrir jólin. Við erum til viðræðu um hvernig er best að haga þessum heimsóknum. Við erum líka til viðræðu um að skólarnir heimsæki okkur. En við viljum líka fá greitt fyrir okkar vinnu. Hvernig væri að vera með sjóð fyrir skólana sem sér um að greiða fyrir höfundaheimsóknir?

3. Íslenska sem annað mál.

Hér má hugsa sér að hjálpa börnum með annað tungumál að lesa vinsælustu íslensku barna- og unglingabækurnar. Þýða íslenskar barnabækur á þeirra tungumál eða gera léttlestrarútgáfu á báðum tungumálum.

4. Skólabókasöfn.

Skólabókasöfnin eru lykillinn að baráttunni um íslenskuna, því erum við algerlega sammála. Það verður því að tryggja með lögum að skólabókasöfnin fái nægt fjármagn til að geta staðið undir þessari grein. Eins og er eru þetta bara orðin tóm. Það er í augnablikinu algerlega undir geðþótta skólastjórnenda eða bæjarstjórna hvort og hvað mikið bókasöfnin fá í sinn rekstur. Það gengur hreinlega ekki.

Hér er það sem segir í grunnskólalögum um skólabókasöfn undir liðnum:

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:
Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla.

Það þarf líka að tryggja að <u>leikskólar</u> fái sín bókasöfn. Við verðum að byrja á byrjuninni, sá fræjunum snemma! Í lögum um leikskóla er þetta að finna um bókasöfn:

0

Semsagt, ekkert.

En hvað segja bókasafnalögin? Það sama og leikskólalögin: Ekki neitt.

Hvergi er minnst einu orði á bókasöfn á leikskólum. Þessu þarf að breyta. Sé fólki alvara með þessu máli þarf að byrja um leið og börn geta farið að halda höfði.

9. Stafrænt námsefni.

Barna- og unglingabókahöfundar eru meira en reiðubúnir til að koma hér að borðinu. Við viljum skrifa og taka þátt í að búa til skemmtilegt og spennandi námsefni. Sömuleiðis leggjum við til að nemendur í unglingadeildum og framhaldsskólum fái að vinna með nýjar íslenskar bækur / texta úr bókum sem eru nýjar af nálinni; nýjar íslenskar ungmennabækur, að því gefnu að við fáum greitt fyrir vinnu okkar.

12. Innlend dagskrárgerð.

Að okkar mati verður að stórauka gerð barna- og unglingaefnis á íslensku. Það er einmitt þar sem skóinn kreppir. Hjá Kvikmyndamiðstöð þarf hugarfarsbreytingu og/eða aukið fjárframlag sem ætlað er til framleiðslu á þessu efni. Við í SÍUNG erum einmitt í þeim hópi sem skrifar þetta efni. Hvað er langt síðan leikin sjónvarpsþáttaröð fyrir unglinga var gerð á Íslandi? Man það einhver?

Einnig má styrkja umfjöllun um bækur á miðlum RÚV. Áhrifamesti sjónvarpsþátturinn um bókmenntir sneiðir nær algerlega hjá umfjöllun um barnabækur þrátt fyrir stór orð um mikilvægi þessa bókaflokks. Á metsölulistum ársins 2018 má sjá að á topp 20 listanum eru einungis tvær bækur sem kallast fagurbókmenntir. Hinsvegar eru á listanum sex barnabækur sem þó fengu litla sem enga umfjöllun í áðurnefndum þætti. Fyrir hvern er þessi umfjöllun þá? Ekki íslensku þjóðina. Það verður að koma barna- og unglingabókum í umræðuna og gera þær svalar og eftirsóttar.

Þó verður að geta þess sem vel ert gert. KrakkaRÚV er stórkostlegt fyrirbæri sem eflist með hverjum mánuðinum. Þar er ótal margt í gangi sem er beinlínis ætlað til að efla íslenskuna og bóklestur. Verkefnið SÖGUR er besta dæmið um það. Krakkaruv.is/sogur. Annað dæmi er Bókaormaráðið og börn taka viðtöl við rithöfunda. Við viljum samt ítreka nauðsyn þess að fjallað sé um barnabækur í efni fyrir fullorðna þar sem fagfólk tekur bækurnar fyrir. Það er ekki nóg að það sé gert af börnum á KrakkaRÚV. Barnabækur eru vara sem þarf að kaupa og færa í hendur barnanna, til þess þurfa foreldrar, ömmur og afar og aðrir sem kaupa bækur fyrir börn að vita af bókunum og heyra um þær vandaða umfjöllun frá fagfólki. Rúv Núll og UngRÚV eru að slíta barnsskónum og eru ætluð fyrir menntaskólaaldur annarsvegar og grunnskólakrakka hinsvegar. Enn er óljóst hvað þessi fyrirbæri gera fyrir íslenskuna og bækur en við erum bjartsýn.

13. Stuðningur við einkarekna fjölmiðla.

Það er frábært ef einkareknar sjónvarpsstöðvar fá stuðning til að framleiða meira af leiknu efni á íslensku. Hér er samt ekki nóg að tala um einkarekna fjölmiðla á borð við sjónvarpsstöðvar. Íslensk börn horfa ekki á Sjónvarp Símans á spjaldtölvunni heldur á YouTube og Netflix. Það þarf að tryggja það að

barnaefni á íslensku sé þar að finna. Fyrir það þarf ríkið að greiða. Og bæta við hér í þennan lið eða búa til sérstakan lið.

KrakkaRÚV styrkist stöðugt og bætir við nýju og gömlu efni sem er aðgengilegt á vefnum þeirra. Það þarf að halda utan um það góða starf sem er hafið þar en jafnframt að bæta í á öðrum vígstöðvum. Þó má geta þess að allt það eldra barnaefni sem kemur þar inn er þar í boði höfundanna. Þeir fá ekki greitt fyrir áhorf.

14. Bókaútgáfa.

Eins og við hjá SÍUNG bentum á í umsögn um frumvarp sem nú er orðið að lögum þá kemur þetta ákvæði íslenskum höfundum nákvæmlega ekkert við. Enginn höfundur fær meira í sinn sjóð vegna þessara laga; enginn höfundur skrifar fleiri eða betri bækur. Gæðin hljóta alltaf að vera aðalatriðið og því hefði verið nær að eyða þessum peningum í höfundana sem fengju við það tíma. Tíma til að skrifa ódauðlegar bókmenntir fyrir æsku þessa lands.

Við hefðum kosið norsku leiðina þar sem ríkið kaupir ákveðið upplag af vönduðum bókum og dreifir á bókasöfn og skóla. Þannig fá bæði höfundar og útgáfur fá eitthvað í sinn hlut.

Að bera þetta saman við kvikmyndagerð er mjög hæpið enda mjög ólíkar greinar um að ræða.
Í bókaútgáfu vantar ekki bara fleiri verk heldur fleiri betri verk. Með norsku leiðinni verður til gæðastýring og aðeins vönduð og vel skrifuð verk eru keypt, og þar með styrkt. Með því að tryggja það með fjárframlögum og fleiri mánuðum í ritlaun geta barnabókahöfundar einbeitt sér að því að skrifa. Á hinum íslenska örmarkaði er ómögulegt fyrir barna- og unglingabókahöfunda að lifa á höfundargreiðslunum einum og sér.

15. Barna- og ungmennabókmenntasjóður.

Þetta er frábært. Hins vegar stendur hér ekkert um það hvernig þetta verður í framkvæmd. Við ítrekum þörfina á því að styðja við höfundana ef það á að nást að búa til fleiri gæðabækur fyrir íslensk börn og unglinga.

16. Almenningsbókasöfn.

Almenningsbókasöfn eru stórkostleg og gegna lykilhlutverki. En … enn og aftur þarf að bæta hag þeirra sem skrifa barna- og unglingabækur. Það er til dæmis hægt með því að hækka framlag í bókasafnasjóð sem greiðir þóknun til höfunda í samræmi við útlán á bókum þeirra. Einnig má fara í aðgerðir til að gera bókasöfnin meira aðlaðandi og hreinlega spennandi fyrir börn og unglinga.

Hér vantar hinsvegar sárlega umfjöllun um Hljóðbókasafn Íslands. Hljóðbókasafnið er algerlega nauðsynlegur þáttur í eflingu íslenskunnar þegar kemur að lögblindum og lesblindum.

Þar eru það þó höfundar landsins sem styrkja það safn meira en nokkur annar. Þar erum við, barna- og unglingabókahöfundar, skikkuð til að gefa vinnu okkar, framleiðsluna okkar, til þessa safns sem síðan er misnotað á hrikalegan hátt. Fólk deilir aðgangi sínum með öðrum og hafa fjölmörg börn þar með ótakmarkaðan aðgang að nýjum bókum með tilheyrandi tekjutapi fyrir höfundana.

Óteljandi dæmi eru um það að heilu hóparnir, t.d. Íslendingafélög Norðurlandanna, hafi fengið barna- og unglingabækur í gegnum aðgang að Hljóðbókasafninu án þess að greiða krónu fyrir. Fyrir hverja bók sem fer á safnið fær höfundur tæplega 30.000 krónur. Ef miðað væri við úthlutanir Bókasafnasjóðs ættu sumir barnabókahöfundar hins vegar að fá tæplega 300.000 krónur miðað við hlustun. Þess má geta að þá er ekki tekið inn í myndina þær svindl-hlustanir sem áður voru nefndar. Höfundar (og útgefendur) eru eins og staðan er í dag skikkaðir til að gefa vinnuna sína og verða af miklum tekjum. Þetta gengur ekki lengur. Hljóðbókasafnið verður að taka til hjá sér, greiðslur fyrir útlán þess færðar undir hatt Bókasafnasjóðs. Safnið verður að lúta sömu reglum og önnur bókasöfn.

Það er kominn tími til!

21. Málstefna um íslenskt táknmál.

Bækur íslenskra höfunda, einkum barnabækur, hafa verið þýddar á táknmál í rafbókarformi án þess að höfundar fái nokkra umbun fyrir. Þetta er því greinilega reglan en ekki undantekningin: Að borga ekki höfundum barna- og unglingabóka. Mun fleiri bækur þurfa að komast á þetta form en gríðarlega mikilvægt er að þau sem nota íslenskt táknmál fái bækur við hæfi og hafi aðgang að nýjum og góðum íslenskum bókum eins og önnur börn og slíkt starf þyrfti að efla verulega. Eðlilegt væri að höfundar verkanna fengju greiðslur fyrir slíkar útgáfur.

Að lokum.

Hvar stendur hnífurinn í kúnni? Hverju ætlum við að bjarga? Á hvaða aldri eru þeir sem þarf að ýta við og fá til að nota, lesa, hugsa og leika á íslensku? Það er varla það fólk sem komið er yfir miðjan aldur. Nei, það eru einmitt börn og unglingar þessa lands. Sá hluti þjóðarinnar sem meðlimir SÍUNG hugsa statt og stöðugt um.

Börn sækja æ meira í afþreyingu á ensku í gegnum spjaldtölvur og sjónvarp og þau börn sem lesa mikið snúa sér að miklu leyti að bókum á ensku þegar þau koma á miðstig. Þau þyrstir í meira og betra úrval af spennandi og skemmtilegum bókum og hafa fyrir löngu lesið allt sem í boði er á íslensku. Þannig missum við krakkana smám saman yfir í annað málumhverfi og íslenska málvitundin rýrist. Til þess að unga fólkið okkar geti tjáð tilfinningar sínar er nauðsynlegt að það hafi til þess orðaforðann. Þetta er því ekki eingöngu spurning um menningu heldur lýðheilsu.

Fræjunum skal sáð snemma og í framhaldinu hlúð að íslenskublóminu af mikilli alúð. Við verðum að byrja á leikskólunum og halda áfram upp allan skólastigann. Til þess að börn og unglingar beri íslenskuna áfram til næstu kynslóða þarf að vinna markvisst að því að vekja áhuga þeirra á tungumálinu. Við hjá SÍUNG teljum að besta leiðin til þess sé að tryggja vandað og vel skrifað afþreyingarefni fyrir unglinga. Hvort sem það kemur út á bók, í útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndum eða á netinu.

Starfsumhverfi þeirra sem skrifa fyrir börn og unglinga er gríðarlega viðkvæmt og störf þeirra ekki metin til jafns við þá sem sinna eldri lesendum og áhorfendum. Til þess að tryggja framtíð íslenskunnar þarf að efla verulega þessa starfstétt með auknu fjármagni, styrkjum og starfslaunum. Barnabækur og annað menningarefni fyrir börn skal ekki afgreitt sem afgangsstærð þegar það er í raun sterkasta vopnið í baráttunni fyrir framtíð íslenskunnar.

Koma svo!

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 22. janúar 2019
SFS2019010099
0.1
HG/DR/shj

Alþingi

Alþingishús
150 REYKJAVÍK

Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um tillögu mennta- og menningarmálaráðherra til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi á 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 443. mál.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) fagnar framkominni ítarlegri þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Lagt er til að uppsetningu verði breytt með þeim hætti að þar sem fjallað er um alla sem þurfa stuðning til að ná tökum á tali, máli og samskiptum verði undir sama lið.

Lagt er til að bætt verði við nýjum lið undir *Menntun og skólastarf* sem hljóði svo:

Tal- og málþroskaröskun

Börn sem eru sein til máls, með málþroskaröskun og málhljóðaröskun fái viðeigandi og jafngild tækifæri til að ná tökum á móðurmáli sínu og stuðning í samræmi við þarfir sínar. Skipaður verði verkefnahópur sem markar stefnu um hvernig skuli þjónusta börn frá fæðingu til 18 ára aldurs.

Lagt er til að undir umfjöllun um *íslenska málstefnu* verði síðustu setningu breytt með þeim hætti að fram komi að allar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök marki sér málstefnu.

Gerð er tillaga um að bætt verði við undir **lið 2** þar sem fjallað er um *mikilvægi læsis* og hljómi svo " Hæfni í lestri er nauðsynleg til að hver og einn geti nýtt hæfileika sína til fulls, samfélaginu öllu til góða." Undirstaða lestrarfærni byggir á góðri málþroskafærni sem hefst við fæðingu og þróast á leikskólaárum. Lestrarfærni..... o.s.frv.

Að lokum er lagt til að gerð verði breyting á **3. lið** varðandi íslensku sem annað mál. Lagt er til að í 4. mgr. hljómi svo og bætt verði við 5. mgr. :

"Styrkja þarf menntakerfið svo það verði fært um að takast á við fjöltyngdan og fjölmenningarlegan nemendahóp. Samkvæmt skýrslu Fjölmenningarseturs frá árinu 2017 hefur fjöldi barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum sjöfaldast frá aldamótum". Góð færni í tungumáli er undirstaða annars tungumálanám. Tungumál geta lærst samhliða eða hvert á eftir öðru og því þurfa börn tækifæri til að ná færni í tungumálum í því málumhverfi sem þau búa í. Mikilvægt er að hvetja foreldra til að rækta og þróa eigið móðurmál og styðja við íslenskunám barna sinna til að stuðla að virku tví- og/eða fjöltyngi (Aðalnámskrá

grunnskóla, bls 106.) Ef ekki er stutt viði tungumálanám barna getur það haft neikvæð áhrif á þróun lestrarfærni þeirra og námsframvindu í íslensku og tungumálanámi almennt.

Foreldrar tví- og/eða fjöltyngdra barna þurfa að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um íslenskt skólakerfi og hlutverk þeirra og ábyrgð. Undirstaða þess er gott samstarf heimila og skóla.

Í 8. mgr. verði gerð sú breyting að fram komi í texta að vinna þurfi heildstæða aðgerðaráætlun um nám barna og unglinga með annað móðurmál en íslensku þar sem leiðarljósið er að nemendur af erlendum uppruna standi jafnfætis jafnöldrum sínum sem hafa íslensku að móðurmáli.

Skilgreining þarf að koma á hugtakinu virku tví- og/eða fjöltyngi ef notað í textanum.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030